

Leikskólinn Laufásborg

Skólanámskrá



Efnisyfirlit

Inngangur	3
Um leikskólann	3
Táknbirting leikskólans.....	3
Skólaföt	4
Skólasöngur.....	4
Hjallavefurinn: www.hjalli.is	4
Gildi skólans og hugmyndafræðilegar áherslur	5
Hjallastefnan í hnotskurn	5
Kynjanámskrá Hjallastefnunnar.....	6
Lotur.....	6
Meginreglur.....	8
Grunnþættir menntunar	9
Læsi.....	9
Sjálfbærni.....	10
Lýðræði og mannréttindi.....	10
Jafnrétti	11
Heilbrigði og velferð.....	12
Sköpun	14
Samþætt og skapandi leikskólastarf.....	16
Læsi og samskipti	16
Tölvur og tæknilæsi	17
Heilbrigði og vellíðan	17
Sjálfbærni og vísindi.....	18
Sköpun og menning	19
Fjölskyldan og leikskólinn.....	20
Tengsl skólastiga og fimm ára starf	21
Sérkennsla	22
Leiðarljós leikskóla.....	23
Mat og eftirlit	32

Inngangur

Skólanámskrá Laufásborgar er leiðarvísir um starfsemi hans. Skólanámskráin gefur fyrirheit um það hvernig leikskólinn muni vinna að þeim uppeldismarkmiðum sem hann hefur sett sér. Skólanámskrá þjónar einnig þeim tilgangi að vera upplýsingaveita til starfsmanna, foreldra, rekstraraðila og annarra hagsmunaaðila skólans.

Samkvæmt lögum eru leikskólastjórnir, Jensína Edda Hermannsdóttir og Matthildur Laufey Hermannsdóttir, ábyrgir fyrir gerð skólanámskrár. Að vinnslu skólanámskrár leikskólans komu: Jensína Edda Hermannsdóttir, Matthildur Laufey Hermannsdóttir og Arna Guðrún Jónsdóttir. Allir kennarar skólans lásu námskrána yfir og fengu tækifæri til að koma með athugasemdir eða góðar hugmyndir. Að auki komu fulltrúar Hjallastefnunnar ehf. að þeim þáttum námskrárinnar sem eru sameiginlegir öllum leikskólum Hjallastefnunnar.

Um leikskólann

Leikskólinn Laufásborg er staðsettur við Laufásveg 53-55 og hefur starfað frá árinu 1952. Rekstraraðili leikskólans er Hjallastefnan ehf. samkvæmt þjónustusamningi við Reykjavíkurborg og hefur svo verið frá árinu 2006. Leikskólastjórar eru Jensína Edda Hermannsdóttir og Matthildur Laufey Hermannsdóttir. Umsjón með sérkennslu hefur Arna Guðrún Jónsdóttir og ráðgjafar skólans eru starfsmenn Hjallastefnunnar á hinum ýmsu sviðum. Leikskólinn nýtur að auki sérfræðiaðstoðar Þjónustumiðstöðvar Reykjavíkur.

Í Laufásborg eru alls 127 nemendur og 26 starfsmenn. Húsnæði skólans er 922 m² og skiptist hann í fimm kjarna. Kjarnarnir fimm eru Litli kjarni þar sem eru að jafnaði tólf drengir 18 til 24 mánaða í þremur hópum, Yngri drengjakjarni þar sem eru að jafnaði 18 – 20 drengir 2ja til 3ja ára í þremur til fjórum hópum, Eldri drengjakjarni þar sem að jafnaði eru 30 – 34 drengir 3ja til 5 ára í fjórum hópum, Yngri stúlnakjarni þar sem að jafnaði eru 24 til 26 stúlkur á aldrinum 18 mánaða til 3ja ára í fjórum hópum og Eldri stúlnakjarni þar sem dvelja að jafnaði 34 til 38 stúlkur í fjórum hópum. Aldur barnanna er frá 18 mánaða til 6 ára. Leikskólinn er opinn frá klukkan 7.45 á morgnana til 17.00 síðdegis og er dvalartími barnanna mismunandi.

Gjaldskrá Laufásborgar er 15 % hærri en hjá öðrum leikskólum sveitarfélagsins, til að mæta því að framlag sveitarfélagsins er lægra til sjálfstætt rekinna leikskóla en annarra. Umsóknir um leikskóladvöl fara fram í gegnum heimasíðu leikskólans.

Táknbirting leikskólans

Meðal tákna leikskólans bæði inn á við og út á við eru meðal annars merki Hjallastefnunnar og fáni auk skólabúninga barna og starfsfólks og skólasöngs Hjallastefnunnar. Hjallastefnumerkið er hannað af höfundum Hjallastefnunnar í samvinnu við foreldri í einum af skólunum okkar. Merkið myndar H með þaki sem er alþjóðlegt tákn Bliss-kerfisins fyrir „skjól“. Stúlka og drengur eru í sitt hvorum hlutanum, samanber kynjauppeldi Hjallastefnunnar, en þau leiðast sem er tákn fyrir þjálfun kynjanna í samskiptum og vináttu.



Blómið milli þeirra er tákni fyrir tengsl stefnunnar við náttúruna og þá áherslu sem lögð er á að rækta virðingu fyrir umhverfi og samfélagi.

Skólaföt

Skólafatnaður er notaður í leikskólanum, bæði fyrir börn og starfsfólk. Markmiðið er margþætt en sem dæmi má nefna að með samskonar skólafatnaði styrkist liðsheild meðal barnanna, samkeppni minnkar og öll börn mæta í þægilegum og slitsterkum vinnufatnaði á degi hverjum. Fötin samanstanda af tveimur tegundum íþróttabuxna, annars vegar bláum jogging-buxum og hins vegar rauðum og bláum léttbuxum (leggings). Í boði eru stuttermá og langerma bolir sem börnin geta valið í rauðum og bláum lit. Rauð flíspeysa eða lopapeysa í rauðum eða bláum lit eru einnig hluti skólafatanna. Auk þessa býðst börnunum að kaupa stuttbuxur og “buff” með Hjallastefnumerkinu sem hvorug tveggja eru þægileg viðbót þegar fer að vora. Skemmtileg viðbót við skólafötin eru íþróttapils í sömu litum og skólabolirnir en þau voru innleidd til að mæta óskum stúlknanna um kvenleg einkenni í skólafötunum. Pilsin eru að sjálfsgöðu í boði fyrir bæði kynin og er það okkar reynsla að drengirnir hafa ekki síður gaman af skólapilsunum en stúlkurnar þar sem pilsin eru skemmtileg dans- og hlaupapils.

Foreldrum er ekki skylt að kaupa fatnaðinn en þeim er tilkynnt um fyrirkomulagið strax í upphafi þegar þeir velja leikskólann. Allur fatnaðurinn er seldur í skólanum og geta foreldrar valið að dreifa kostnaði við kaupin á allt að sex mánuði. Kjósi foreldrar að kaupa ekki skólaföt fær barnið lánaða skólaboli á skólatíma án endurgjalds.

Skólasöngur

Skólasöngur allra skóla Hjallastefnunnar er við ljóð sex ára stúlku í Barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ, við lag sem afi stúlkunnar, Atli Heimir Sveinsson, gaf Hjallastefnunni.

Skólasöngur Hjallastefnunnar

Lag: Atli Heimir Sveinsson. Ljóð: Auður Teitsdóttir

Í skóla er gaman,
krakkar leika.
Strákarnir/stelpurnar dansa,
stelpur/strákar spinna,
gleði finna.
Hlæja og hlæja í hjarta sér.
Hlæja og hlæja í hjarta sér.

Hjallavefurinn: www.hjalli.is

Leikskólinn Laufásborg á sína eigin heimasíðu á Hjallavefnum: www.hjalli.is. Heimasíðan er hluti af samþættu rekstrar- og vefumsjónarkerfi sem er sérhannað fyrir Hjallastefnuskóla. Heimasíðan er mjög mikilvæg upplýsingagjöf til fjölskyldna, starfsfólks og nærsamfélagsins. Forsíða skólans hýsir almennar fréttir af skólastarfinu og er öllum opin og það sama gildir um allar helstu upplýsingar um starf skólans. Á

síðunni er einnig starfsmannasíða sem þjónar þeim tilgangi að vera samskiptamiðill fyrir starfsfólk og gefa því aðgang að vinnu á vefnum. Og loks er læst fjölskyldusíða þar sem foreldrar og þeir sem foreldrar kjósa að veita aðgang geta fylgst með sínu barni í leik og starfi en vefkerfið er sérstaklega útbúið til að hýsa mikinn fjölda mynda af skólastarfinu.

Gildi skólans og hugmyndafræðilegar áherslur

Leikskólinn Laufásborg starfar eftir Aðalnámskrá leikskóla frá árinu 2011 svo og Hjallastefnunni, íslenskri uppeldisstefnu sem Margrét Pála Ólafsdóttir er höfundur að. Skólinn er því hluti af tvenns konar faglegu samhengi; annarsvegar deilir leikskólinn faglegri sýn með öllum leikskólum Íslands sem starfa eftir Aðalnámskrá og hinsvegar deilir leikskólinn sýn með öðrum Hjallastefnuskólum bæði á leik- og grunnskólastigi. Þetta skapar Laufásborg því nokkra sérstöðu hvað varðar námskrá þar sem fræðilegur grunnur allra Hjallastefnuskólanna er sá sami og ákveðinn grunnur skólanámskrárinnar er því sameiginlegur öllum leikskólum Hjallastefnunnar enda starfa þeir allir að sömu markmiðum um jafnrétti í skólastarfi. Leiðir hvers skóla að markmiðunum eru að mörgu leyti áþekkar en menning hvers skóla setur sinn svip á þær enda er í höndum starfsmannahópsins á hverjum stað að útfæra þann hluta skólanámskrár.

Skólastefna sveitarfélags

Í skólastefnu Reykjavíkurborgar er haft að leiðarljósi að börn njóti bernsku sinnar, læri og þroskist í leik og samveru. Einnig að börnum líði almennt vel og að þeim fari stöðugt fram. Laufásborg tekur mið af skólastefnu Reykjavíkurborgar og hefur gildi hennar í heiðri. Skólastefna borgarinnar er einnig að hverjum og einum leikskóla er frjálst að marka sér sérstöðu með áherslu á ákveðna stefnu eða ákveðna þætti í sínu starfi og Laufásborg valdi að fylgja meginreglum og áherslum Hjallastefnunnar sem leið að sínu leikskólastarfi. Nánari upplýsingar um skólastefnu borgarinnar má finna í skýrslunni „Stefna og starfsáætlun skóla og frístundasviðs 2012“, en skýrsluna er að finna á heimasíðu borgarinnar www.rvk.is undir slóðinni:

http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/skola_og_fristundasvid/skyrslur/Starfs__tlun_SFS_2012.pdf

Hjallastefnan í hnotskurn

Leikskólinn Laufásborg starfar samkvæmt Hjallastefnunni, íslenskri uppeldisstefnu sem byggir á kenningum Margrétar Pálu Ólafsdóttur. Hjallastefnan kom fyrst fram í núverandi mynd í leikskólanum Hjalla í Hafnarfirði. Námskrá Hjallastefnunnar felst í bæði meginreglum og kynjanámskrá svo og skráðum verkferlum í skólastarfinu. Margrét Pála Ólafsdóttir lýsir Hjallastefnunni í Handbók starfsfólks í leikskólum Hjallastefnunnar (Útg. Hjallastefnan 2012) og í bókinni Æfingin skapar meistarann (Endurútg. Bókafélagið 2012).

Í Hjallastefnuskólum er kynjaskipting notuð til að tryggja jafnræði stúlkna og drengja og gefa báðum kynjum uppbót á þeim sviðum sem ekki tilheyra hefðbundnum kynhlutverkum. Hjallastefnan er ekki eyland heldur tengd hugmyndum um frjálst uppeldi á borð við þær sem Alexander S. Neill lagði fram. Að auki eru hugmyndir

verkhyggjunnar lagðar til grundvallar en benda má á áherslur Hjallastefnunnar á raunhæfar og ígrundaðar lausnir í því samhengi svo og raunveruleikatengd verkefni í skólastarfi. Víða má sjá enduróm af kenningum Charles Peirce, William James og John Dewey í Hjallastefnustarfi og að auki er litið til skólaaðferða Carolyn Pratt, Rudolf Steiner og Maríu Montessori. Hugmyndir Lev Vygotsky eru einnig grunnur gagnvart hópstjórastarfinu.

Hjallastefnan hefur verið rannsökuð í nokkrum rannsóknum og hafa þær bent til þess að stefnan hafi jákvæð áhrif á margan hátt. Má þar nefna meistaraþrófsrannsókn Margrétar Pálu Ólafsdóttur árið 2000 sem benti til þess að börn sem höfðu dvalist á Hjallastefnuleikskóla væru öruggari og ófeimnari í samskiptum við hitt kynið heldur en börn úr samanburðarhópi. Viðamikil rannsókn dr. Valdísar Jónsdóttur á námsumhverfi barna sýndi að hávaði var mælanlega minni í Hjallastefnuleikskólum en öðrum leikskólum. Nánari rannsóknarupplýsingar er að finna á hjallavefnum á slóðinni: www.hjalli.is.

Kynjanámskrá Hjallastefnunnar

Kynjanámskráin er birtingarmynd á hugsjónum Hjallastefnunnar um jafnrétti stúlkna og drengja. Í hinu kynjaskipta skólastarfi er markmiðið að gera báðum kynjum ávallt jafnhátt undir höfði og mæta ólíkum þörfum stúlkna og drengja. Jafnframt er markmiðið að gefa þeim kost á að starfa og leika á eigin forsendum þar sem menning beggja kynja er virt og viðurkennd.

Kynjaskiptingin felst í þremur meginþáttum. Í fyrsta lagi er kynjaskilningur Hjallastefnunnar á því innbyggðu kynjamisrétti sem hamlar réttlæti og lýðræði í samfélagi okkar. Í öðru lagi er kynjanámskrá Hjallastefnunnar sem er leið til að efla og auka möguleika og rétt bæði stúlkna og drengja í daglegu skólastarfi. Í þriðja lagi er kynjafræðsla þar sem kennarar vinna á vitsmunalegum grunni að því að hamla gegn staðalmyndum kynjanna og skapa nýjan skilning hjá báðum kynjum.

Lotur

Samkvæmt kynjaskilningi Hjallastefnunnar er gengið út frá að kynin öðlist takmarkaða færni og æfi of fáa eiginleika vegna heftandi kynhlutverka og kynjamótunar sem samfélagið ákvarðar á grundvelli kynferðis. Hjallastefnan mætir þessu með að þjálfar bæði kyn í öllum mennskum eiginleikum og eru loturnar kennslutækið til þess. Hver lota stendur í fjórar vikur í senn og eru fyrstu þrjár loturnar á haustönn (sjá skóladagatal leikskólans) og seinni þrjár á vorönn. Á milli lota eru svonefndar opnar vikur þar sem viðfangsefni eru alfarið óbundin. Allir þættir kynjanámskrár eru þó ávallt í forgrunni í öllu skólastarfinu. Loturnar lúta til skiptis að félagslegri þjálfun og einstaklingsþjálfun. Fyrsta lota skólaársins er félagsleg, síðan kemur einstaklingslota og þannig koll af kolli fram á vor.

Yfirheiti hverrar lotu er almennt hugtak; lýsandi fyrir viðkomandi svið en heitinu fylgja síðan fjögur hugtök eða orð sem útskýra hvað þarf að æfa til að ná þeim árangri sem yfirheitið lýsir. Orðin fjögur eru svonefndir lotulyklar og er eitt orð einkennandi fyrir hverja viku lotunnar. Hverri lotu lýkur með uppskeruviku.

Fyrsta lota – Agi: Virðing, hegðun, kurteisi, framkoma.

R-reglurnar eru í hávegum hafðar í Hjallastefnustarfi; röð, regla og rútína í fyrirrúmi á öllum sviðum. Kjarnað umhverfi alls staðar, allir hlutir merktir, umferðarreglur merktar og sýnilegt og áþreifanlegt hvernig allt á að vera. Þaulhugsuð dagskrá og einfaldleiki í öllu skipulagi er jafnmikilvægt og umhverfiskjörnunin. Í kjarnastarfinu er síðan áherslan á skarpa nemendastjórnun með nákvæmri eftirfylgd og hegðunarreglum sem börnin taka þátt í að móta, kynna og endurskoða. Fyrstu lotunni lýkur með Framkomuviku.

Önnur lota – Sjálfstæði: Sjálfstyrking, sjálfstraust, öryggi, tjáning.

Einstaklingsathygli og hvatning er kjarni þessarar lotu. Kennarar leggja sig fram við að nálgast hvern og einn nemanda og sannfæra bæði nemandann og fjölskylduna um óendanlegan vilja skólans til að hafa þennan einstakling í fyrsta sæti! Annarri lotu lýkur með Tjáningarviku.

Þriðja lota – Samskipti: Umburðarlyndi, hjálpsemi, víðsýni, samstaða.

Þessi lota er í raun eineltisáætlun Hjallastefnunnar því hér er fjallað um samskipti í sinni víðustu mynd, nemendum kennt að virða landamæri annarra og standa saman um jákvæða framkomu og jákvæða hegðun, enda má segja að þessi lota snúist um félagslega jákvæðni. Þriðju lotu lýkur með Samstöðuviku.

Fjórdða lota – Jákvæðni: Ákveðni, hreinskiptni, bjartsýni, gleði.

Vitaskuld er jákvæðni alltaf í fyrirrúmi alla daga skólaársins en í upphafi vorannar er tækifæri til að formgera jákvæðniæfingarnar. Samhliða þjálfuninni í að skilja hvað jákvæð afstaða til lífsins þýðir, ber að vinna verkefni sem þjálfar börnin í að setja mörk fyrir sjálf sig, landamæri sem þau geta af ákveðni og elskulegheitum tjáð sig um. Fjórdðu lotunni lýkur með Gleðiviku.

Fimmta lota – Vinátta: Félagsskapur, umhyggja, nálægð, kærleikur.

Vináttulotan er beint framhald af bæði samskipta- og jákvæðnilotunni og í reynd hástígg þeirrar félagslegu jákvæðni sem þjálfuð hefur verið. Þar styrkjum við og eflum vináttu á allar lundir og vinaleikir svo sem leynivinaleikir barna- og fullorðinna eru skemmtilegt tækifæri. Einnig er mikilvægt að vinna með skilgreiningar á vináttunni, álit barnanna á vináttunni og hvað það þýðir að vera vinur eða vinkona. Fimmtu lotu lýkur með Kærleiksviku.

Sjötta lota – Áræðni: Kjarkur, kraftur, virkni, frumkvæði.

Þessari síðustu lotu kynjanámskrárinnar er ætlað að reka smiðshöggð á heildarstarf vetrarins hvað varðar persónuþroska, bæði í einstaklings- og félagslegu tilliti og skilning barnanna á fjölþættum eiginleikum og mannlegri hæfni. Frumkvæði í sinni víðustu mynd er styrkt og fjallað vitsmunalega og verklega um möguleika nemenda til að hafa áhrif á umhverfi sitt með nýjum hugmyndum og nýjum lausnum, lýðræðislegum reglubreytingum og formlegum tillögugerðum til stofnana og aðila sem hafa áhrif á líf okkar. Sjöttu lotunni lýkur með Frumkvöðlaviku.

Meginreglur

Skólabragur og stofnanamenning Laufásborgar byggir á meginreglum Hjallastefnunnar. Þar er kveðið á um þau viðhorf til barna og fjölskyldna sem starfsmannahópurinn sameinast um að útfæra á hverju skólaári. Grundvöllurinn er hin barnhverfa hugmyndafræði þar sem bæði þarfir barna svo og réttur þeirra til að njóta bernsku sinnar er í fyrirrúmi. Í meginreglunum er einnig skýr áhersla á hlutverki starfsfólks og þeim samskiptamáta sem setur jákvæðni og lausnamiðaðar aðgerðir í fyrsta sæti og þar er einnig starfsmanna- og jafnréttisstefna leikskólans. Einnig kveða meginreglurnar á um umhverfi og efnivið skólans svo og viðhorf til umhverfis og náttúru.

Meginreglurnar eru í skýrri forgangsörð þar sem fyrstu reglurnar hafa skýran forgang og hver regla byggir á þeirri sem á undan kemur. Jafnframt er fyrsta reglan innsti kjarni starfsins og koll af kolli umlykur hver regla þá næstu á undan.

Fyrsta meginregla; börn og foreldrar

Hjallastefnunni er ætlað að mæta hverju barni eins og það er og virða og viðurkenna ólíkar þarfir aldurshópa, kynja og einstaklinga óháð uppruna og menningu. Skólanum ber einnig að virða valfrelsi og ólíkan áhuga barna og hlúa á víðfeðman hátt að velgengni allra.

Önnur meginregla; starfsfólk

Hjallastefnunni er ætlað að stuðla að því að jákvæðni, gleði og kærleikur séu ráðandi öfl í samskiptum starfsfólks svo og í öllum samskiptum við börn og foreldra og aðra sem koma að málum skólans.

Þriðja meginregla; umhverfi

Hjallastefnunni er ætlað að skapa samfélag innan hvers skóla þar sem jafnvægi, einfaldleiki og gagnsæi er ráðandi í dagskrá, umhverfi og búnaði og reglur eru sýnilegar og áþreifanlegar. Þannig gefst börnum skiljanlegt og viðurðanlegt umhverfi miðað við aldur þeirra, þroska og getu.

Fjórða meginregla; efniviður

Hjallastefnunni er ætlað að bjóða upp á leikefnivið og einföld námsgögn þar sem sköpun og ímyndun er í fyrirrúmi í fjölbreyttri reynslu hvers barns. Þannig skapar sjálfbjarga fólk eigið nám og leikheim með eigin lausnum og raunveruleikatengd verkefni eru í fyrirrúmi.

Fimmta meginregla; náttúra

Hjallastefnunni er ætlað að kenna börnum að skynja og njóta náttúrulegs umhverfis og virða náttúruna með nýtni, nægjusemi og hófsemi svo og með umhirðu og endurvinnslu.

Sjötta meginregla; samfélag

Hjallastefnunni er ætlað að þjálfa aga og hegðun á jákvæðan og hlýlegan en um leið ákveðinn og hreinskiptinn hátt. Með nákvæmni og festu verður taminn vilji leiðin til öryggis og frelsis fyrir alla í rósemd og friði innan skólasamfélagsins og síðar til ábyrgðar þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi.

Grunnpættir menntunar

Í Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 eru grunnpættir menntunar skilgreindir. „Grunnpættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmennti læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnpættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það.“ Grunnpættirnir eru eftirfarandi: Læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun.

Læsi

„Læsi snýst um samkomulag manna um málnotkun og merkingu orða í málsamfélagi og er því félagslegt í eðli sínu. Það er háð hefð og er því ekki færni sem einstaklingar geta öðlast og beitt óháð stað og stund, menningu og gildum. Læsi krefst skrifffæra, efnis til að skrifa á og miðils, til dæmis bókar, til að koma ritsmíðinni á framfæri og snýst því að hluta til um tæknimiðla og verkunnáttu“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Á Laufásborg er sérstök orðræða sem hefur skapast út frá áherslum Hjallastefnunnar á vináttuna og vingjarnleg og kærleiksrík samskipti. Kennarar og börn ávarpa hvort annað „kæra vinkona“ og „kæri vinur“ og leggja þannig grunninn að fallegum og skýrum samskiptum þar sem það eru engin grá svæði eða tilviljanir hvernig við ávörpum hvort annað, heldur alveg klárt mál að hér erum við öll góðar vinkonur og góðir vinir. Kennarar hafa fyrir börnunum hvetjandi setningar sem styðja þau til jákvæðra samskipta, setningar eins og „gott að sjá þig kæra vinkona/kæri vinur“ þegar börnin mæta í skólann og svo æfa börnin sig í að fagna vinkonum/vinum á sama hátt. Eins þegar börnin eru að æfa nýja færni að þá nota kennararnir hvetjandi setningar eins og „æfingin skapar meistarann“, „ertu frábær eða frábær?!“ og hvetja börnin til að segja „ég get, ég get, ég get allt sem ég vil“. Einnig notum við sérstakar setningar sem hjálpa börnunum að líta á „mistök“ sem tækifæri til að læra, þetta eru setningar eins og „gengur betur næst“ og ef börnin ruglast í samskiptum við hvort annað „vinkonur/vinir aftur“ sem minna á að við fáum alltaf annað tækifæri og „björgum málunum með bros á vör“ og „viltu aðstoð kæra vinkona/kæri vinur?“. Hrós eru æfð sérstaklega í hópatímum, hver og einn kjarni (deild) á til dæmis fjöldann allan af hróskortum sem hóparnir nota í hópatímum, börnin skiptast á að draga hróskort og hópurinn hrósar barninu. Á þennan máta eru orð og setningar „verkfæri“ í samskiptum, hjálpa og styðja börnin til að leysa málin á farsælan hátt.

Við vöndum einnig val á lögum og sögum, skautum fram hjá þeim lögum og sögum þar sem ýktar staðalmyndir af hlutverkum kynjanna ráða för og veljum þess í stað lög um dýr, náttúruna, árstíðirnar, lög sem eru lýsandi fyrir gamla tímann á Íslandi og að sjálfsgöðu lög þar sem vinátta og falleg samskipti eru í hávegum höfð.

Uppskeran er það allra besta, það er þegar börnin fara að nota þessar setningar í samskiptum við hvert annað og til að minna kennarann á þegar kennarinn er að ruglast, því við getum öll ruglast og þá gengur bara betur næst! Við trúum á það sem gerist daglega, að það er æfingin sem skapar meistarann, og að allar þessar litlu æfingar á hverjum degi hafi víðtæk áhrif sem teygja anga sína lengra en bara inn í samskipti barnanna í skólanum, falleg orð og setningar berast inn á heimili barnanna og jafnvel vinnustaði foreldranna! Til að styðja við og kenna nýjum kennurum höfum við

svokallaða „verkfærakistu“ sem samanstendur af alls konar setningum sem við notum í samskiptum við börnin.

Sjálfbærni

„Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Laufásborg er Grænfánaskóli og er því allt rusl skólans flokkað. Flokkunin hefst inn á kjörnunum og börnin læra að flokka rétt í sér ruslatunnur fyrir lífrænt rusl, plast, pappír og annað óendurnýtanlegt rusl. Með þeim hætti fá öll börn skólans að kynnast endurvinnslu frá fyrstu hendi. Mikil áhersla er einnig lögð á nýtni og nægjusemi í skólanum, í fönðurkrók er alltaf í boði að endurnýta blöð sem falla til, í kubbakrók eru tálgaðar trjágreinar úr garðinum notaðar sem ítarefni og helsta leikefni garðsins eru trjágreinar og trjádrumbar, gamlir pottar og málmdósir. Við skólann er útismiðja þar sem úir og grúir af alls konar efniviði héðan og þaðan sem börnin endurnýta og skapa úr alls konar listaverk. Efniviðurinn í smíðjunni er meðal annars ýmis konar endurvinnsla frá foreldrum eins og plastdallar, efnisbútar, tölur, gömul kerti sem hægt er að bræða til að búa til ný kerti úr svo eitthvað sé nefnt, einnig eru þar trjádrumbar og spýtur sem hægt er að negla í og saga og skapa úr. Þannig læra börnin að skapa eitthvað úr engu og læra að meta það sem er annars bara hent, læra að rusl er ekki bara rusl.

Nýtni og nægjusemi tekur á sig margar myndir á Laufásborg, til að mynda búum við til okkar eigin leir og börnin fá að taka þátt í leirgerðinni. Skólinn kaupir engin leikföng heldur erum við á Laufásborg með opin efnivið eins og kubba, leir og sull eins og aðrir Hjallastefnuskólar. Með okkar daglegu flokkun rusls, með nægjuseminni í leikefninu og nýtninni kennum við börnunum að gera gott úr málunum og þau læra að hugsa út fyrir rammann því okkar opni efniviður leyfir sköpunargleði þeirra að njóta sín.

Lýðræði og mannréttindi

„Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær. Virðing fyrir manngildi og heilbrigði barna og ungmenna felur bæði í sér virðingu fyrir mannréttindum þeirra og viðurkenningu á hæfileikum þeirra og þroskamöguleikum“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Hjallastefnan er heildarlausn og við sem skóli sköpum innan rammans í anda stefnunnar. Við trúum á það sem gerist daglega og helst oft á dag. Alla daga ársins fylgjum við dagskrá stefnunnar og með hópatíma og val tíma til skiptis eru börnin alltaf virk í sínu námi. Valfundir eru haldnir tvisvar á dag og á þeim fá börnin að kynnast lýðræði innan skólans. Kynjanámskráin gerir okkur svo kleift að ganga enn lengra í okkar markmiðum til að tryggja réttindi barna til að líða vel og njóta sín. Með kynjanámskránni trúum við að við séum að koma enn betur til móts við hvert og eitt barn og koma þannig á jafnrétti stúlkna og drengja. Það eru líka réttindi barna að líða vel í öruggu og einföldu leikskólasamfélagi og Hjallastefnan leggur upp með að skólinn sé vel kjarnaður, allt á sínum stað og allt vel merkt og Laufásborg er vel kjarnaður skóli með allar merkingar á sínum stað og afmörkuð leiksvæði fyrir val tímana. Einnig eru það réttindi barna að hávaði og áreiti sé í lágmarki á þeim stað sem þau þurfa að dvelja

á daglangt. Laufásborg, eins og aðrir hjallastefnuskólar, leggur mikla áherslu á að skapa ró í deginum.

Hvert og eitt barn tilheyrir hópi og hópstjóra og í hópátíma geta börnin haft mikil áhrif á hvað er gert því þeirra áhugi og geta ræður ferðinni. Samkvæmt meginreglu 1 í Hjallastefnunni er mikilvægt að mæta hverju barni þar sem það er statt og hópakerfið okkar tryggir að „öll blómin eru vökvuð“ ef svo má að orði komast. Hver hópur æfir aga, jákvæðni og kærleik á hreinskiptinn hátt þannig að hvert barn fær að njóta sín í góðum vina- eða vinkvennahópi. Í upphafi hverrar viku er leiðtogi hópsins kynntur til leiks og börnin skiptast á að vera leiðtoginn, það gengur alltaf sama hringinn þannig að sú/sá sem var fyrst/ur í röðinni (leiðtoginn) í þessari viku rekur lestina í næstu viku á eftir. Í hópátíma geta börnin haft mikil áhrif á hvað er gert í tímanum og hóparnir kjósa stundum um það sem er í boði og lýðræðisleg nálgun ræður niðurstöðunni, meirihlutinn ræður.

Valfundir eru haldnir að tvisvar sinnum á dag á hverjum kjarna, fyrir utan á Litla kjarna. Valfundirnir eru frábær æfing fyrir börn í lýðræðislegum samskiptum. Börnin skiptast á að byrja fundinn og þau velja úr þeim svæðum sem eru í boði en svæðunum fækkar eftir því sem líður á fundinn. Þar sem börnin skiptast á að byrja fundinn eru fundirnir sanngjarnir og um leið afar góð æfing í mótlati. Forsenda farsælla samskipta og friðar á valtíma er okkar opni efniviður. Þegar börnin leika með opinn efnivið ræður sköpunargáfan ferðinni og þau sitja öll við sama borð, það róar þau því þau finna að það hallar ekkert á þau og sköpunin er svo róandi. Með þessum hætti geta öll börnin verið virk á sínu svæði á valtíma.

Þrátt fyrir mikilvægi hópa- og valtíma er okkar helsta leið til að virða mannréttindi barna að fylgja kynjanámskrá Hjallastefnunnar. Kynjanámskráin gengur út á að koma á jafnrétti stúlkna og drengja með því að gera báðum kynjum ávallt jafnhátt undir höfði og mæta ólíkum þörfum þeirra. Kynin eru aðskilin og í uppbótarvinnunni fá þau þjálfun í eiginleikum sem þau annars fara á mis við í samfélaginu, stúlkur æfa til að mynda frumkvæði og kjark en drengir æfa mjúkar vinahendur og hjálpsemi, þannig leggur Hjallastefnan áherslu á að þjálfar alla eiginleika hjá báðum kynjum. Við virðum að sjálfsgöðu menningu beggja kynja. Einu sinni á dag hittast kynin í jákvæðri blöndun þar sem þau mætast á jafningjagrundvelli og takast á við verkefni þar sem bæði kynin fá að njóta sín.

Jafnframt hjálpum við börnum að eiga falleg samskipti með því að hafa fyrir þeim setningar og orð sem styðja þau til lausnar og jákvæðni í samskiptum og börnin eru þjálfuð í að tjá sig um hvað þau vilja og að geta sett mörk á ákveðin en elskulegan hátt.

Jafnrétti

„Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Í skólastarfi skulu allir taka virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Laufásborg er eins og aðrir Hjallastefnuskólar kynjaskiptur skóli. Kynjaskiptingin er okkar leið að jafnrétti kynjanna í sinni þrengstu og í sinni víðustu mynd. En

kynjaskiptingin ein og sér gerði lítið gagn ef við hefðum ekki kynjanámskrána til að styðja við vinnubrögð okkar í daglegu starfi með börnunum. Kynjanámskráin er kjötið utan á beinin ef svo má að orði komast, hún er okkar leiðsögn í vinnunni með bæði kynin.

Markmið kynjaskiptingarinnar er að jafna hlut kynjanna með því að gefa stúlkum og drengjum sama rými, sama leikefni og óskipta athygli síns kennara. Jafnframt er þeirra menning virt og viðurkennd. Hjartað í kynjaskiptingunni er uppbótarvinnan svokallaða þar sem kynjunum er bætt upp það sem þau annars fara á mis við í samfélaginu vegna meðal annars ýktra og hamlandi staðalmynda af hlutverkum kynjanna. Í uppbótarvinnunni með stúlkunum er frumkvæði þeirra eflt og kjarkur, sjálfstæði og kraftur þar sem þær fá æfingar sem styrkja trú þeirra á að þær geti allt sem þær vilja! Þær fá þjálfun í hreinskipti og vinkonuæfingar eru mjög mikilvægar. Í uppbótarvinnunni með drengjunum er lögð áhersla á æfingar þar sem þeir geta sýnt hver öðrum nærgætni, mykt, hjálpssemi og tillitsemi þannig að þeir fái þá mynd af sér að þeir séu góðir vinir með mjúkar vinahendur. Gangi uppbótarvinnan vel kemur inn dagleg blöndun hjá föstum vina- og vinkonuhópum þar sem kynin hittast á jafnréttisgrundvelli og hafa gaman saman í verkefnum sem bæði kynin njóta sín í. Með þessum hætti fá kynin jákvæða mynd af hvort öðru, vinirnir fá tækifæri til að sýna að þeir eru hugulsamir og mjúkhentir og vinkonurnar fá tækifæri til að sýna að þær eru kjarkmiklar og sterkar stúlkur! Huglæg blöndun er ekki síður mikilvæg þar sem kennararnir tala vel um vina-/vinkonuhópinn.

Huglægi þáttur kynjanámskráarinnar er að við veljum lög og sögur sem styðja við hugmyndir okkar um jafnrétti kynjanna og kennarar skálda sögur á staðnum þar sem gamalgrónum hugmyndum er ögrað og kynjahlutverkum víxlað, mamman er slökkviliðsstjórinn og pabbinn saumar spariföt fyrir börnin sín! Með þessum hætti erum við að vinna gegn staðalmyndum kynjanna sem eru kjarninn í hinu innbyggða kynjamisrétti í okkar samfélagi og séu áhrif þeirra skoðuð í víðara samhengi má halda því fram að slíkar úreltar hugmyndir hamli réttlæti og lýðræði í samfélaginu öllu. Við erum því stolt af okkar framlagi í átt að meira jafnrétti í þessum heimi með því að einbeita okkur að því að efla kynin og gefa stúlkum og drengjum nýja sýn á lífið og tilveruna, tilveru þar sem þau mega frjáls velja úr öllu því góða sem lífið hefur upp á að bjóða. Sem dæmi má nefna að þegar við innleiddum skólasamfélagi að þá völdu drengirnir sér líka pils, þeim þótti gaman að hlaupa og dansa í pilsunum og kölluðu pilsin hlaupa- og dansspil.

Jafnrétti á val tíma birtist á þann hátt að allt leikefnið, sem er ávallt opinn efniviður, á leiksvæðunum skiptist jafnt á milli barnanna.

Mikil áhersla er á að kennarar komi sér saman um sín vinnubrögð svo jafnrétti og sanngirni gæti í okkar annars gagnsæja og einfalda skólasamfélagi, ávarpi til að mynda börnin alltaf eins með „kæra vinkona“ eða „kæri vinur“.

Heilbrigði og velferð

„Allt skólastarf þarf að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og velliðan enda verja börn og ungmenni stórum hluta dagsins í skóla“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Röð, regla og rútína einkenna allt skólastarf Hjallastefnuskólanna og er Laufásborg þar engin undantekning. Almenn ríkir ró í skólanum þar sem einbeitt og virk börn njóta sín undir öruggri handleiðslu hópstjórans eða una sér glöð og frjáls innan ramma síns svæðis á val tíma með sitt opna leikefni í stöðugri sköpun. Dagskráin er einföld, gagnsæ og eins alla daga ársins og skapar það öryggi og ró hjá börnunum að vita alltaf að hverju þau ganga. Okkar reynsla er að slíkt umhverfi skapar mikla vellíðan hjá börnunum og þar sem forsenda alls náms hlýtur að vera vellíðan er það í algerum forgangi hjá okkur að halda rammanum skýrum og einföldum og skapa þar með börnum öryggi og festu í dagsins önn.

Umhverfið er áreitalaust hjá okkur eins og öðrum Hjallastefnuskólum, myndir eða listaverk eftir börnin eru á afmörkuðu svæði og eru til sýnis í skamman tíma, en það er okkar reynsla að áreitalaust umhverfi dregur verulega úr streitu, mikið sjónáreiti kallast á ensku „visual noise“ sem segir meira en mörg orð. Opna leikefnið er stöðug uppspretta sköpunar og það er okkar reynsla að opna leikefnið fækkar verulega árekstrum milli barnanna, ekkert þeirra er að rífast um sama hlutinn. Allir hlutir og merkingar eru á sínum stað og svæðin afmörkuð, skólinn er eins og við segjum í Hjallastefnunni vel „kjarnaður“, allt er skipulagt og hvergi er óreiða eða óskilgreint svæði. Flestir nemendur skólans dvelja hjá okkur í að minnsta kosti sjö til átta klukkustundir á dag og okkur þykir þar af leiðandi afar mikilvægt að þeim líði sem best hjá okkur og þeim mun „kjarnaðri“ sem við erum þeim mun meiri ró skapast innan skólans því þá vitum við öll að hverju við göngum, kennarar, foreldrar og börnin. Gestir sem hafa komið til okkar hafa haft orð á því að hér ríki mikill friður og að hvert sem þeir komu voru börnin virk og einbeitt í leik.

Hlutverk hvers kennara/hópstjóra er einnig mjög skýrt í Hjallastefnunni. Áherslan er á skarpa nemendastjórnun með nákvæmri eftirfylgd og hegðunarreglur sem börnin taka þátt í að móta, kynna og endurskoða, allt í bland við kærleik, gleði og áreynsluleysi. Í hópátímum er hópstjórinn einn með hópinn sinn sem merkir að börnin fá óskipta athygli kennarans, það eru aldrei tveir og tveir kennarar saman með óskilgreindan hóp af börnum. Það er einungis í blöndun þar sem kynin koma saman í hópátíma sem það eru tveir kennarar að vinna saman en í þeim aðstæðum er engu að síður skýrt hvert hlutverk hvors kennara fyrir sig er, hópstjóri stúlknanna passar upp á að stúlkurnar njóti sín og það sama á einnig við um hópstjóra drengjanna. Á val tíma skiptast kennararnir á að leysa hvorn annan af á innisvæði og á útisvæðinu eru tveir kennarar, annar stúlknagegin í garðinum og hinn drengjamegin. Þannig má segja að kennararnir séu einnig hluti af hinu einfalda og örugga skólaumhverfi Laufásborgar, börnin eiga óskipta athygli kennarans og vita að hverju þau ganga hverju sinni.

Almennt séð eru samskipti líklegast eitt það allra flóknasta sem við mannfólkið tökumst á við á hverjum degi. Það er því ekki að ástæðulausu sem Hjallastefnan hefur lagt mikla áherslu á að jákvæðni, gleði og kærleikur einkenni andrúmsloft hvers skóla. Kennarar Laufásborgar mæta með bros á vör í vinnuna og eru börnunum góðar fyrirmyndir. Við kennum lífsgleði með því að vera lífsglöð, við kennum umburðarlyndi með því að fagna fjölbreytileikanum og að láta ekki smámálin trufla okkur, við kennum hómor og gleði með því að taka okkur ekki of alvarlega, heldur nalgast lífið og tilveruna af bjartsýni og krafti.

Jákvæð athygli og hrós auka líkurnar á að börn vilji sýna félagslega viðurkennda hegðun og við fullorðna fólkið berum mikla ábyrgð á hvert börn beina athygli sinni og

hvaða hegðun þau sýna. Við notum setningar eins og verkfæri í samskiptum, ef snuðra hleypur á samskiptin má alltaf „bjarga málunum með bros á vör“, gefa knús og „vera vinir/vinkonur aftur“ því eins og við segjum oft að þá „gengur bara betur næst“! Stúlkurnar eru hvattar til að nota „ég get, ég get, ég get allt sem ég vil“ og drengirnir fá æfingu í að minna vini sína á „mjúkar vinahendur“ þegar þörf er á. Bæði kynin læra að setja mörk á ákveðin og hreinskiptin hátt, „viltu hætta kæra vinkona/kæri vinur“ eða „stjórnaðu höndunum þínum“. Athygli barnanna er beint að því sem þau mega gera með því að nota orðin „í boði er að...“. Mikilvægt er að passa tóninn þegar talað er við börn, að kærleikur, húmor og umhyggja ráði ferðinni. Börn sem þurfa aðstoð eru aðstoðuð að sama skapi á öruggan en kærleiksríkan hátt því við viljum að börnin séu í sigrunum sínum. Á þennan hátt eru börnin studd á kærleiksríkan hátt með alls kyns æfingum í átt að því að geta tjáð sig og átt farsæl og heilbrigð samskipti við aðra.

Á Laufásborg er mikil áhersla lögð á hollan og næringarríkan mat, að maturinn sé eldaður frá grunni úr besta mögulega hráefni hverju sinni og að það sé engin unnin matvara. Heilkorn, baunir, grænmeti, ávextir, fiskur og kjöt, súpur unnar frá grunni og heimabakað brauð er aðaluppistaðan í matseðli hverrar viku. Boðið er upp á heimatilbúið heilkorna- og fræmúslí með morgunmatnum, sem er annað hvort hafragrautur eða AB-mjólk, og að minnsta kosti tvisvar í viku er boðið upp á grænmetis- og baunasúpur eða rétti eldaða frá grunni. Að maturinn sé næringarríkur og saðsamur styður við starf skólans á margan hátt, börnunum líður vel í kroppnum og eru því róleg og sátt.

Hreyfing og útivera skipar stóran sess í hópastarfinu á Laufásborg. Það eru tveir hópatímar á hverjum degi og fara hóparnir alltaf út í að minnsta kosti öðrum hópatímanum. Hóparnir fara í gönguferðir enda margt skemmtilegt að skoða í okkar nærumhverfi, stutt er í Hljómskálagarðinn og stytugarð Einars Jónssonar svo eitthvað sé nefnt. Hóparnir fara líka út í garð skólans í ýmsa leiki og takast á við alvöru fullorðinsverkefni eins og þrífa garðinn, sópa og hreinsa laufblöð úr garðinum. Í hópatímum sem fara fram inni er dans, þrautabrautir og ýmsir leikir í miklu uppáhaldi hjá börnunum.

Tvisvar á dag eru haldnir valfundir og þeir eru skipulagðir á þann hátt að töluverðar líkur eru á að barn velji út einu sinni á dag. Garðurinn okkar er náttúrulegur með engum leiktækjum heldur fá börnin að leika sér með trjádrumba, trjágreinar og málmdósir og leika með sand og drullumalla. Í garðinum er útielhús byggt úr trjábolum og er húsið alveg í anda garðsins, náttúrulegt og „lifandi“. Garðurinn er kynjaskiptur og hefur það haft góð áhrif, við fundum strax að hegðun kynjanna breyttist um leið og garðinum var skipt. Í fyrstu fannst drengjunum að vísu garðurinn minnka en það áhugaverða var að stúlkunum fannst garðurinn stækka, þar sem stúlkurnar fóru að nýta allt sitt svæði og taka nú miklu meira rými á útisvæðinu en þær gerðu áður. Valsvæðin inni eru sex alls. Leirkrókur, sullkrókur, kubbakrókur og föndurkrókur eru svæði sem reyna á fínhyfingar barna og skapast oft mikil ró á þeim svæðum en á hinum svæðunum, kubbastofu og leikstofu, er líkamleg virkni meiri og ærslaleikir alveg í boði!

Sköpun

„Í sköpun felst að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva

forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Dagskráin okkar gengur út á að val tímar og hópatímar eru til skiptis. Á val tímum þar sem börnin hafa valið sér svæði til að leika á ræður sköpun og ímyndunarafl barnanna algerlega ferðinni þar sem leikefnið er ávallt opinn efniviður. Svæðin eru sex alls, það er leirkrókur með heimagerðum mjúkum leir, föndurkrókur með litum og blöðum, sullkrókur með kerri fullu af vatni, kubbakrókur með trékubbum og trédýrum, kubbastofa með „hollow blocks“ og leikstofa með ferköntuðum púðum og dýnum. Börnin eru þar af leiðandi alltaf í sköpun á val tíma, sama hvaða svæði þau velja sér. Hægt er að auðga og punta upp á öll svæðin með ýmis konar ítarefni ef áhugi er á því hjá börnunum. Í hópatímum þar sem hópurinn og hópstjórinn eru saman skapast mímörg tækifæri til að leika sér, skapa, ögra, prófa eitthvað nýtt, vera kjarkmikil/l og leika sér með hina ýmsu möguleika, hugarflugið eitt ræður för innan hins agaða og kærleiksrika hjallíska ramma. Hópstjórum eru engar skorður settar í raun, ef aga- og hegðunarkennslan hefur gengið vel um haustið er hópurinn bara frjalsari og börnin geta ráðist í alls konar verkefni, fullorðinsverkefni eru vinsæl og börn eru almennt svo fús og tilbúin að prófa eitthvað nýtt, gaman saman er mottóið.

Við skólann er smiðja. Í smiðjunni úir og grúir af alls kyns efnivið sem börnin leika sér með og skapa það sem þau vilja. Þar eru spýtur, trjágreinar og bútar, ýmislegt úr endurvinnslunni eins og plastdallar og málmdósir ásamt blöðum, tölum, skrauti, glimmeri, málningu og svo mætti lengi telja. Hóparnir skiptast á að hafa aðgang að smiðjunni. Þar sem margt í smiðjunni kemur úr endurvinnslunni í skólanum og frá heimilum barnanna læra börnin að rusl er ekki bara rusl, þó við séum búin að klára salatið úr plastdallinum að þá merkir það ekki endilega að plastdallurinn hafi lokið sínu hlutverki, heldur getur hann öðlast nýtt hlutverk inni í smiðju þar sem hugarflug barnanna ræður ferðinni!

Sambætt og skapandi leikskólastarf

Markmið Aðalnámskrár leikskóla eru sambætt við leikskólastarfið og gefst starfsfólki og börnum tækifæri til þess að vinna með námssvið Aðalnámskrár ýmist í frjálsum leik barnanna í val tímum eða með markvissum og skipulögðum hætti í hópatímum.

Læsi og samskipti

Á Laufásborg er unnið með læsi á víðfeðman og fjölbreyttan hátt. Mikil áhersla er lögð á tjáningu í daglegu starfi og börnunum markvisst kennt að orða vilja sinn á jákvæðan og opinn hátt. Í Aðalnámskrá leikskóla segir „*Læsi í víðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta. Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt*“ (2011).

Í skólanum er lögð mikil áhersla á á söng þar sem langir og stundum flóknir textar æfa tilfinningu fyrir málnotkun og hrynjandi tungumálsins. Þulur eru þuldar og vísur kveðnar líkt og annars staðar í leikskólastarfi. Í Hjallastefnunni er síðan lögð rík áhersla á málskilning og merkingu og sérkennileg málnotkun er hluti af skólamenningunni. Þannig eru gömul íslensk orð oft notuð í stað algengari orða, til þess að gefa daglegri notkun tungumálsins aukna dýpt, auðga orðaforða barnanna og brjóta upp staðlaðar hugmyndir og gildishlaðnar klisjur.

Tungumálið er völdugt samskiptatæki sem getur myndað stórkostleg samskipti fólks í milli en getur líka verið hárbeitt vopn. Í Hjallastefnustarfi er leitast við að kenna börnum muninn þarna á milli. Markvisst er unnið að því að kenna þeim þá ábyrgð sem felst í orðum og þeim kennd hugtök til þess að skilgreina erfið samskipti. Jafnréttisáhersla kemur einnig fram í málnotkuninni en í vali orðalags er reynt að gæta jafnréttis og t.d. er börnum hrósað og þau hvött til dáða með kynhlutlausum orðum á borð við „frábær“.

Mikil áhersla er lögð á að börnin fái tækifæri til að tjá tilfinningar sínar og eru kennarar ávallt til aðstoðar til að stýra umræðum ef ágreiningur milli barna kemur upp. Einnig eru reglulega haldnir „fréttatímar“ þar sem þess er gætt að öll börn fái tækifæri til þess að segja frá viðburðum lífs síns eða öðru sem þeim liggur á hjarta.

Lýðræðisfundir eru haldnir reglulega og þar fá börnin tækifæri til þess að æfa lýðræðislega virkni og réttlát félagsleg samskipti hvað varðar málefni sem hæfir aldri þeirra. Á lýðræðisfundi má til dæmis ákveða verkefni í hópatímum næstu viku eða hafa áhrif á matseðil skólans.

Í Hjallastefnuskólum eru bækur notaðar á markvissan hátt og virðing borin fyrir þeim. Vel er vandað til þegar bækur eru valdar og mikilvægt er að innihald þeirra falli vel að hugmyndafræði Hjallastefnunnar, einkum hvað varðar jafnréttishugsjónina. Auk hefðbundinna sagna- og ljóðabóka á leikskólinn nokkurt safn myndskreyttra fræðibóka. Í stað þess að lesa bækur fyrir börn er lögð áhersla á að kennarar lesi bækur og læri sögurnar sem þeir svo endursegja börnunum. Börnin virkja hugmyndaflugið þegar þau ímynda sér þær aðstæður sem sagan greinir frá og þátttaka barnanna er meiri þar sem þau geta haft áhrif á söguþráðinn og þannig getur góð saga orðið samvinnuverkefni barna og kennara.

Eldri hóparnir í leikskólanum nota Borgarbókasafnið og fara þangað bæði til að skoða og handfjatla bækur og til að fá þær lánaðar til lesturs í leikskólanum. Einnig eru eldri hóparnir duglegir við að búa til sínar eigin bækur úr ljóðum og frásögnum barnanna sem kennarinn skráir og börnin myndskreyta, binda inn og lesa saman.

Einn grunnþáttur samskipta í nútímanum er vald á erlendum tungumálum. Strax frá tveggja ára aldri er lagður grunnur að framtíðartungumálafærni þar sem einföld kynning er á ensku eina viku í hverri kennslulotu allt skólaárið eða alls 6 vikur á ári. Máltökuhæfni barnanna er nýtt þar sem þau innhverfa orð og framburð í leikjum og söngvum. Fyrirkomulag enskukynningarinnar byggir á þróunarstarfi Elizabeth Nunberg og samvinnu hennar við starfsfólk Hjallastefnunnar frá ársbyrjun 2003. Enskukennarar eru með ensku sem fyrsta móðurmál til að tryggja rétta framburðarkennslu fyrir börn á næmiskeiði til máltöku en kennarar barnsins eru ávallt með í enskukennslunni til að fylgja innlögn enskukennarans eftir.

Tölvur og tæknilæsi

Eldri börnin í skólanum hafa aðgang að tölvum undir leiðsögn kennara þar sem byggð er upp færni í að leita sér upplýsinga á sem fjölbreytilegastan hátt og gera börn læs á tækni og upplýsingar. Haft er að leiðarljósi að hafa kennsluhætti sem tengdasta daglegu lífi og að verkefni sem unnin eru séu raunveruleikatengd. Þar má nefna þátttöku barna í myndatökum og innsetningu mynda á læstan vef skólans, skoðun á heimasíðu skólans og gerð tölvupósts til foreldra. Í færni í notkun tölvubúnaðar hafa spjaldtölvur komið inn með nýja möguleika fyrir leikskólabörn þar sem samhæfing augna og handa hefur hingað til sett þeim skorður í tölvunotkun. Er stefnt að aukinni notkun spjaldtölva í leikskólastarfinu á næstu árum. Síðar kynnast börnin notkun lyklaborðs og að læra staðsetningu stafa og talna á lyklaborði samhliða færni í lestri og stærðfræði. Jafnhliða nota þau kennsluforrit sem hæfa svo sem teikniforrit. Þau læra að prenta skjal og læra á ýmis jaðartæki sem tengjast tölvum, svo sem prentara, skjá, skanna og fleira.

Heilbrigði og vellíðan

Í Aðalnámskrá leikskóla (2011) segir: „Í leikskóla eiga börn að læra um og tileinka sér heilbrigða lífshætti, hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu“.

Allur matur skólans er eldaður á staðnum og út frá stöðlum Hjallastefnunnar um gæði matar. Þar má nefna skýr ákvæði um notkun aukaefna, takmörkun fitu og hlut trefja og grænmetis í fæðu barna og eru manneldissjónarmið Lýðheilsustöðvar höfð að leiðarljósi. Gæðastaðlarnir eru viðurkenndir af næringarfræðingi Vinnuverndar og unnið í samvinnu við matreiðslumeistara í eldhúsum Hjallastefnuskólanna. Skýrar reglur gilda um þjónustu við börn með ofnæmi og fæðuþöpol.

Hreyfing er grundvallaratriði í Hjallastefnustarfi og daglega er öllum börnum tryggð reglubundin hreyfing inni eða úti. Í stað skylduútvistar tryggja kennarar að hvert barn fái daglega útivist og næg tækifæri gefist til útvistar. Í hópatímum er mikið farið út enda viðmið að hver hópur fari út í hópatíma daglega og þá til þess að vinna eitthvað ákveðið verkefni með kennara sínum, fara í gönguferð, hlaupa eða fara í aðrar íþróttir. Á val tíma er útisvæði ávallt í boði og þá er um að ræða frjálsan leik. Leikskólinn

Laufásborg er vel staðsettur í nágrenni við Hljómskálagarðinn, styttagarð Einars Jónssonar, Einarsgarð við Laufásveginn og svo eru Nauthólsvíkin, Öskjuhlíðin, Klambratún og Vatnsmýrin í kringum Norræna húsið í enn lengra göngufæri. Við erum víðförul, förum á Gerðasafn í Breiðholti, Náttúrugripasafnið í Kópavogi, Þjóðminjasafnið, Þjóðmenningarhúsið og Borgarbókasafnið. Yngstu börn skólans fara á Freyjuróló og í gönguferðir í kringum skólann.

Á val tíma er einnig í boði leikur í leikstofu og kubbastofu þar sem gefast tækifæri til hreyfileikja í leikjum með dýnur, púða, teppi og holukubba (hollow-blocks). Leikirnir á þessum svæðum gefa tækifæri til að byggja byggingar, setja upp þrautabrautir auk þess sem vinsælt er að útbúa leikfimitæki. Á öðrum svæðum á leiktíma er unnin fín hreyfivinna en börnin eru hvött til þess að nota fjölbreyttar stellingar, krjúpa á stólum, standa, sitja, vinna á gólfinu o.s.frv..

Þar sem Hjallastefnuskólar nota opinn efnivið er lítið svo á að allt sem inni á kjarnanum er sé opinn efniviður og til fjölbreytilegra nota. Þannig eru húsgögn einnig notuð sem leikefni og er algengt að byggja svokallaðar þrautabrautir úr borðum og stólum sem gefa kost á fjölbreytilegri hreyfingu. Dans er einnig mikið notaður í Hjallastefnustarfi; bæði sem tjáningarform en einnig sem holl og upplífandi hreyfing. Skólafötin okkar eru svo meðal annars til að tryggja að börnin séu þægilegum fötum sem hvetja til hreyfingar.

Handþvottur og almennt hreinlæti setur sinn svip á daglega lífið í leikskólanum þar sem börnin fá aðstoð við að hugsa vel um sjálf sig, fötin sín og umhverfi. Yngstu börnin leggja sig að loknum hádegisverði en þau eldri eiga saman rólegar stundir í hópatímunum, stundum í notalegu spjalli, í formi slökunar undir tónlist og stundum einfaldlega njóta þau þagnarinnar saman.

Sjálfbærni og vísindi

Í Aðalnámskrá leikskóla (2011) segir: *“Frá fyrstu stundu beita börn ýmsum aðferðum við að kanna og reyna að skilja umhverfi sitt. Þau horfa, hlusta, snerta, bragða, handleika, flokka, bera saman, rannsaka og draga ályktanir”*. Í öllu starfi skólans er gert ráð fyrir að börn njóti fjölbreyttrar upplifunar og lögð sérstök áhersla á að þau geti verið í tengslum við náttúruna á lifandi hátt. Hjallastefnan leggur áherslu á náttúrulegt útisvæði og í leikskólanum er náttúrulegum starfskostum gert eins hátt undir höfði og mögulegt er. Sandpyttir, moldargryfjur og vatn gefa kost á massavinnu úti, grjót, klettar, mishæðir og opin svæði gefa kost á fjölbreyttri upplifun. Náttúran umhverfis leikskólann er einnig auðlind sem mikið er nýtt í starfinu og einnig er farið í lengri vettvangsferðir til þess að njóta náttúrunnar.

Skólinn er skóli á Grænni grein eða Grænfánaskóli og hefur umhverfisvernd að markmiði í daglegu starfi skólans. Börnin taka þátt í umhverfisverndinni með ýmsum hætti eins og flokkun og endurvinnslu, með þátttöku í umræðum, með því að taka ábyrgð á eignum kjarnans og nota hugmyndaflugið til að nýta það sem til er á margvíslegan hátt. Þá fara börnin reglulega í hreinsunarferðir um umhverfið til að fjarlægja rusl til að fegra umhverfið.

Sjálfbærni er lykilhugtak í starfi Hjallastefnuskólanna. Sjálf uppeldishugsjón skólans snýst að stóru leyti um þjálfna börn í sjálfbærni og minnka áherslu á neysluhyggju.

Þannig læra börnin að leika sér með lítið í stað þess að „vanta“ sífellt eitthvað og þeim er tamin nægjusemi sem síðan elur af sér skapandi hugsun þar sem þau leita lausna og finna nýja möguleika í þeim efnivið sem til staðar er í stað þess að kaupa og bæta við nýju.

“Jafnframt ber að ýta undir vísindalega hugsun og aðstoða börn við að sjá tengsl, orsök og afleiðingu og styrkja skilning þeirra á hugmyndum og hugtökum.” (Aðalnámskrá 2011). Hjallastefnuskólarnir byggja þjálfun í vísindalegri hugsun inn í dagskrá sína og efnivið og þannig þjálfast börnin í notkun hugtaka og skilningi á lögmáli orsaka og afleiðinga í gegn um leik og daglegt starf. Allur efniviður Hjallastefnuskólanna er úthugaður með þetta í huga og eru til dæmis eingöngu notaðir kubbar sem hafa rétt stærðfræðileg innbyrðis hlutföll, þ.e. stærsti kubburinn er helmingi stærri en sá næsti fyrir neðan osfv. Ílát fyrir sull og vatnsleiki er hugsaður og útbúinn á sama hátt og býður því upp á þjálfun í rúmmálsskynjun í leiknum sjálfum. Að auki er svo unnið með vísindaleg hugtök og verkefni í hópastarfi leikskólans. Einkum eru náttúruvísindi ofarlega á blaði og börnin rækta jurtir af fræjum, fylgjast með vexti þeirra og öðlast skynjun fyrir hringrás lífsins.

Sköpun og menning

Hugmyndafræðin að baki hinum einfalda efniviði sem börnin leika sér með dag hvern í leikskólanum er fyrst og fremst sú að hvetja til sköpunar, samvinnu og samleiks. Öll áhersla í skapandi starfi skólans er upplifunin við sköpunina, að njóta augnabliksins þegar hugmyndirnar verða til og að koma þeim frá sér. Minni áhersla er lögð á afraksturinn, verkið sjálft enda má treysta því að ánægja ríkir með þá vinnu sem unnin er af innlifun og gleði.

Í hverjum val tíma í Laufásborg, sem fram fer tvisvar sinnum á dag, gefst börnunum kostur að velja sér föndurkrók, kubbakrók og leirkrók. Á þessum svæðunum er ákveðinn grunnefniviður og áhöld í boði til að vinna að sköpun en fjölbreyttu ítarefni er bætt við til að auðga sköpun og upplifun barnanna. Í hópatímum er svo unnið mikið í sköpun og má segja að eina takmörkunin sé hversu langt hugarflug barna og kennara nær. Reglubundið eru sýningar á verkum barnanna og eins er ákveðnum verkefnum safnað í „útskriftarbækur“ sem sýna þroska og ferli í starfi þeirra allan leikskólann. Þessi mappa er síðan eign barnsins eftir útskrift úr leikskólanum ásamt geisladiski með þúsundum mynda af barninu í leikskólasterfinu.

Söngur er aðalsmerki tónlistariðkunar í Hjallastefnuleikskólum og er sungið daglega og vel gætt að því að börnin hafi alltaf ný og skemmtileg sönglög til þess að glíma við. Lögð er áhersla á að börnin æfi sönglög með fjölbreyttum og vönduðum textum sem hafa bókmenntalegt eða menningarlegt gildi. Vikulegur söngfundur er helgaður tónlistariðkun þar sem stúlkur og drengir koma saman og syngja og dansa. Á þessum stundum æfa börnin framkomu og flytja skemmtiatriði í formi söngva, leikrita og dansatriða. Tónlist er notuð markvisst bæði til hlustunar, við dans og aðra tjáningu í leikjum. Lögð er áhersla á það í skólanum að kynna börnunum fjölbreytta tónlist, til dæmis djass, klassík, popp, rokk og þjóðlagatónlist. Börnunum gefast líka tækifæri til þess að prófa hljóðfæri og óhefðbundna hljóðgjafa auk þess sem margir hópar taka sig öðru hvoru til og búa til sín eigin hljóðfæri.

Í umfjöllun leikskólans um menningu og samfélag er kappkostað að brjóta upp staðalmyndir kynja og kynþátta og leggja áherslu á mikilvægi þess að hver einstaklingur fái að njóta sérkenna sinna innan þess samfélags sem hann lifir og hrærist í. Fjölskylduaðstæður barnanna sjálfra og kennaranna gefa kost á umfjöllun um marga þætti samfélagsfræða og menningar svo sem mismunandi búsetuhætti, ólík fjölskyldu- og sambúðarform, fjölskyldutengsl og atvinnulíf. Stytttri og lengri vettvangsferðir og heimsóknir á menningarstofnanir gefa kost á því að börnin kynnist nánasta umhverfi sínu og því sem það hefur upp á að bjóða.

Hefðir og hátíðahöld eru hluti af menningu hvers samfélags og í leikskólanum eru slíkir viðburðir í hávegum hafðir, upp að þeim mörkum þó að þeir skapi börnunum ekki streitu eða vanlíðan af öðru tagi. Mikið er lagt upp úr því að börnin hljóti jákvæða upplifun af undirbúningi hátíða og tyllidaga og jafnframt er reynt að hlífa þeim við streitu og neyslukapphlaupinu sem getur fylgt.

Vettvangsferðir víkka sjóndeildarhring barna, þau kynnast sínu nánasta umhverfi og fá aukna dýpt í skilning á sínu samfélagi, menningu og listum. Umhverfi skólans er kjörið til spennandi vettvangsferða í óspilltri náttúru. Slíkar ferðir efla alhliða þroska og auka andlega og líkamlega heilsu, vellíðan, styrk og þor. Leikskólinn byggir upp samvinnu við þá grunnskóla sem eru í næsta nágrenni leikskólans með vettvangsferðum og heimsóknum að vori þar sem því verður við komið og á samvinnu við aðrar stofnanir nærsamfélagsins. Laufásborg hefur verið í samvinnu við Listasafn Íslands síðustu ár. Einnig hefur mikið samstarf við Gerðasafn einnig þróast síðustu tvö árin og við erum dugleg að heimsækja Borgarbókasafnið, Norræna húsið og önnur listasöfn í 101 Reykjavík. Einnig eru tengsl við þá skóla sem standa okkur næst, það er Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík og Austurbæjarskóla sem er hverfisskólinn.

Fjölskyldan og leikskólinn

Hjallastefnuskólar leggja mikla áherslu á samvinnu við foreldra og fjölskyldur hvers barns til að skapa traust milli heimilis og skóla; ef skólinn nýtur ekki trausts foreldra, munu kennarar aldrei ná að skapa óskorðuð tengsl við barnið og þar af leiðandi fær barnið ekki það gæðastarf í skólanum sem það á skilið.

Í upphafi fá foreldrar bækling Hjallastefnunnar um meginreglur og kynjanámskrá Hjallastefnunnar og einnig upplýsingablöð skólans með nánari upplýsingum um daglegt starf. Náð samráð foreldra og skóla fer fram í daglegum samskiptum sem mikil áhersla er lögð á en að auki með foreldraviðtölum tvisvar á skólaári þar sem foreldrar velja hvort viðtalið fer fram í skólanum eða á heimili barnsins. Fjölskylduhressing er einnig tvisvar á skólaári, þar sem börnin bjóða fjölskyldu sinni annað hvort í morgunhressingu eða nónhressingu. Foreldrar og fjölskyldur barnanna taka þátt í raunverulegum verkefnum með skólanum með svonefndu „fjölskylduframlagi“ þar sem foreldrar og fjölskyldur styðja við skólann eftir nánara samkomulagi.

Á vefsetrinu hjalli.is er vefsíða leikskólans; hjalli.is/hjalli. Heimasíðan er hluti af samþætту rekstrar- og vefumsjónarkerfi sem sérhannað er fyrir Hjallastefnuskóla og er kerfið m.a. sérstaklega hannað til að hýsa mikinn fjölda mynda af skólastarfinu á læstum fjölskylduvef. Heimasíðan er mjög mikilvæg upplýsingagjöf til fjölskyldna.

Sem tenging milli heimilis og skóla senda kennarar fregnir af starfi kjarnans á hverjum föstudegi og einkapóst nokkrum sinnum á skólaári þar sem fregnir af hverju barni ráða för. Einnig miðlar skólinn tugum mynda í mánuði af hverju barni í leik og starfi á læstu heimasvæði.

Á hverju skólaári fer fram viðhorfakönnun meðal foreldra til að fá álit þeirra til skólans og til að leita eftir tillögum þeirra til úrbóta. Að auki hafa foreldrar greiðan aðgang að því að leggja fram athugasemdir og tillögur til skólans sbr. ábendingarreit á heimasíðu skólans. Öflugt foreldrasamstarf eykur sýnileika leikskólans og stuðlar að jákvæðara viðhorfi samfélagsins til leikskólastarfs.

Foreldrafélag starfar við skólann skv. eigin starfsreglum sem kynntar eru á heimasíðu skólans.

Tengsl skólastiga og fimm ára starf

Sérstök námskrá gildir fyrir elstu börn leikskólans hverju sinni og fylgir hún starfslotunum sex þar sem kynjanámskráin er þjálfuð (sjá sýnishorn af skóladagatali).

Stærðfræði

Í fyrstu lotu haustannar og fyrstu lotu vorannar er farið í fjögurra vikna stærðfræðivinnu þar sem unnið er með talnaskilning og grunnaðferðir stærðfræðinnar. Þessi vinna fer fram í hópatímum fjóra daga vikunnar (mánudaga til og með fimmtudaga) í 30 mínútur í senn. Unnið er með þrautalausnir og einfalda talnavinnu á grundvelli uppgötvunarnáms og leikjaaðferða.

Markmið 5 ára kjarna í stærðfræði er að börnin öðlist jákvæða upplifun á stærðfræðilegum viðfangsefnum og þekkingu á helstu grunnhugtökum. Lögð eru fyrir verkefni sem byggjast á talningu, ólíkum formum, flokkun, speglun, tilraunum með rúmmál og byggingarleikjum. Áhersla er lögð á skilning á gildi talna frá 1-20 og út frá umræðum barna og kennara skapast grundvöllur til að búa til margvísleg orðadæmi sem fela í sér þjálfun á stærðfræðihugtökum og einfaldri samlagningu og frádrætti.

Íslenska

Í annarri og þriðju lotu haustannar svo og annarri og þriðju lotu vorannar er unnið með hljóðgreiningu, stafainnlögn og raddlestur. Þar er einnig unnið í 30 mínútur í senn og aðeins fjóra daga vikunnar.

Í annarri og þriðju lotu haustannar svo og annarri og þriðju lotu vorannar er unnið með hljóðgreiningu, stafainnlögn og raddlestur. Þar er einnig unnið í 30 mínútur í senn og aðeins fjóra daga vikunnar.

Markmið 5 ára barna í íslensku er að börnin efli orðaforða sinn með fjölbreyttu tungutaki í samskiptum og að börnin kunni að ríma og fá tilfinningu fyrir hrynjanda orða. Sögu- og ljóðagerð er gefið gott svigrúm. Farið er í gegnum stafainnlögn og markmiðið er að börnin þekki að vori alla bókstafi, heiti þeirra, hljóð og geti skrifað þá. Lögð er áhersla á hlustun á upplestur og börnin fá þjálfun í að tjá sig frammi fyrir öðrum og skiptast á skoðunum. Í ritun eru nemendur fínhreyfingar þjálfaðar á fjölbreyttan hátt og fá margskonar tækifæri til að skrifa á þann hátt sem þeir eru færir um.

Í annarri og þriðju lotu haustannar svo og annarri og þriðju lotu vorannar er unnið með hljóðgreiningu, stafainnlögn og raddlestur. Þar er einnig unnið í 30 mínútur í senn og aðeins fjóra daga vikunnar.

Vorferð

Vorferð fimm ára barna er þriggja daga ferð með kennurum skólans þar sem náttúruskynjun og sveitaheimsóknir skapa ógleymanlega samverudaga og mikilvæga æfingu í aðskilnaði við fjölskylduna við eins verndaðar aðstæður og hugsast getu. Sérstök útskriftarstund er á hverju vori þegar fimm ára börnin kveðja leikskólann með foreldrum sínum og taka á móti útskriftarbókinni sinni og óskasteini frá skólanum.

Tengsl skólastiga

Fimm ára starfið í leikskólum Hjallastefnunnar nýtist börnunum sem vegnanesti yfir á grunnskólastig, hvort sem þau hefja nám í Barnaskólum Hjallastefnunnar eða í öðrum grunnskólum. Það eru heimsóknir og samband á milli Laufásborgar og Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík og hverfissskólans, Austurbæjarskóla, og auka heimsóknir ef þörf er á vegna sérkennslumála. Einnig er kynning fyrir okkar foreldra og heimsóknardagar í Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík.

Sérkennsla

Börn eru eins misjöfn eins og þau eru mörg – einstök hvert og eitt. Öll hafa þau skýr einstaklingseinkenni, sérstaka hæfni og áhuga og sterkan vilja. Það er grundvallaratriði fyrir farsæld þeirra að skólinn hlúi að þeim á þeirra eigin forsendum og forðist að gera sömu kröfur til allra og steypa alla í sama mót. Þar af leiðandi verður Hjallastefnuskóli að leita allra leiða í skipulagi sínu og starfsháttum til að hafa fjölbreytileg verkefni og valkosti fyrir hendi. Hjallastefnukennarar fagna fjölbreytileikanum innan barnahópsins og telja ekki eftir sér að stíga skrefinu lengra til að mæta hverju barni.

Í flestum tilvikum er sérkennsluþörf mætt innan hvers barnahóps með samþættingu og heiltæku starfi. Þurfi barn sérstaka aðstoð eða sérstök úrræði vegna þroskastöðu, líkamlegs atgerfis, hegðunar eða aðstæðna sinna að öðru leyti, metur skólinn með foreldrum hvernig staðið skuli að slíkri aðstoð. Engin ein leið er rétt, heldur ráða þarfir barnsins ferðinni samkvæmt mati þeirra sérfræðinga sem að málinu koma og úrslitavaldið er hjá foreldrum

Leiðarljós leikskóla

Hlutverk leikskólans er að skapa öruggt og þroskahvetjandi umhverfi þar allir einstaklingarnir sem þar starfa, börn og fullorðnir fá notið sín dag hvern og hafa tækifæri til að hafa áhrif á umhverfi sitt og þroska sjálfræði sitt í lýðræðisumhverfi.

Eftirfarandi leiðarljós úr Aðalnámskrá leikskóla frá árinu 2011 eiga að vísa leikskólum veginn í mótun leikskólastarfs. Starfsfólk leikskóla, í samráði við foreldra og börn, þarf að koma sér saman um hvernig starf leikskólans tekur mið af leiðarljósunum og skrá aðferðir og leiðir í skólanámskrá leikskólans:

- *Leikskóli á að vera lýðræðislegur vettvangur og lærdómssamfélag þar sem starfsfólk, foreldrar og börn eru virkir þátttakendur og hafa áhrif á ákvarðanir um málefni leikskólans.*

Í leikskólanum Laufásborg tryggjum við þetta með því að hvetja foreldra eindregið til að leita til okkar með öll mál, engin mál eru of lítilvæg, og allir kennarar skólans leggja mikla áherslu á að bregðast við öllum málum sem upp koma á jákvæðan og lausnamiðaðan hátt og mæta foreldrum og börnum alltaf með bros á vör. Samvinna, jákvæðni og hreinskiptni eru okkar leiðarljós í samskiptum við foreldra, börn og hvert annað hér.

Heimasíða skólans er reglulega uppfærð og leggjum við mikla áherslu á að fréttirnar á heimasíðunni séu fræðandi og skemmtilegar og gefi góða innsýn í skólasamfélagið á Laufásborg.

Skólinn hefur staðið fyrir umræðu- og kynningarkvöldum fyrir foreldra þar sem foreldrum gefst kostur á að koma saman, ræða mál og fá fræðslu um hjallískar áherslur og viðhorf í uppeldi barna.

- *Starfshættir leikskóla eiga að hvetja til samvinnu og samstarfs milli barna, starfsfólks, foreldra og nærsamfélags.*

Laufásborg er kærleiksríkt samfélag þar sem fjölbreytileikanum og góðum hugmyndum er fagnað. Við hvetjum foreldra skólans til að vera með foreldraframlag og foreldrar eru alltaf velkomnir í skólann og er velkomið að vera með okkur í dagskránni hvenær sem er.

Laufásborg hefur helst verið í samvinnu við Listasafn Íslands og Gerðuberg og hafa hóparnir tekið þátt í framhaldsverkefnum og ýmsum viðburðum á vegum þessara safna.

- *Leikskóli á að vera félags- og menningarlegur vettvangur þar sem þjóðararfur og gildi íslensks samfélags skipa veglegan sess.*

Í gegnum þjóðleg lög, vísur og kvæði höfum við kynnt gamla tímann á Íslandi fyrir börnunum og mikil áhersla er á að útskýra fyrir börnunum merkinguna á bak við það sem við syngjum. Lögin eru árstíðabundin og gefa góða innsýn í hvernig það hefur verið að búa á Íslandi í gegnum aldirnar. Við höfum verið í samstarfi við Steindór Andersen og Báru Grímsdóttur en þau hafa komið í skólann til að kveða fyrir börnin og með þeim á Þorranum og Góunni.

- *Leikskóli á að vera samfélag þar sem hver einstaklingur nýtur virðingar og leggur sitt af mörkum.*

Meginregla eitt í Hjallastefnunni gengur út á að mæta hverju barni eins og það er. Með þeim hætti minnum við okkur á að hvert og eitt barn er einstakt og við horfum í hvað býr í hverju og einu barni því hvert og eitt þeirra hefur alltaf eitthvað einstakt fram að færa. Hópakerfið okkar þar sem hvert og eitt barn tilheyrir sínum jafningjahópi og á sinn fasta hópstjóra er okkar besta leið til að tryggja að hvert barn fái að njóta sín, fái að blómstra í sínum styrkleikum og geti lagt sitt af mörkum inn í barnahópinn. Hópstjóri og hópur eru saman tvo hópatíma á hverjum degi og alla matmálstíma sem gefur hópstjóranum gott tækifæri til að kynna hverju og einu barni í hópnum einkar vel og mynda sterk tengsl við barnið og fjölskyldu þess.

- *Starfshættir leikskóla eiga að taka mið af umhverfi leikskólans og því samfélagi sem hann er í. Jafnframt á leikskólinn að vera virkur þátttakandi í samfélaginu og hafa áhrif á það.*

Við á Laufásborg nýtum okkur vel allt okkar nærumhverfi, heimsækjum þá garða og þau söfn sem eru í göngufæri við skólann. Við erum líka dugleg að taka strætó og fara í skruðgarða og á söfn sem eru lengra í burtu.

Við erum öll hluti af íslenska neyslusamfélaginu og með því að vinna okkur inn réttinn til að bera Grænfánann erum við á vissan hátt andsvar við neysluhyggjunni. Við erum meðvituð um að versla einungis við byrgja sem halda umbúðum í lágmarki og öll börn skólans eru virk í að flokka rusl.

Áhrif okkar sérstæðu orðræðu í barnastarfinu hafa teyggt anga sína inn á heimili barnanna og víðar þar sem við kennum börnunum markvisst að nota jákvæðar setningar og staðhæfingar sem þau nota til að láta ganga vel í samskiptum.

Laufásborg er virkur þátttakandi í hjálparstarfi með félagasamtökunum Sól í Tógó. Sól í Togo vinnur með og styrkir heimili fyrir varnarlaus börn og ungmenni í Aneho í Tógó. Mánaðarlega rennur framlag frá skólanum og kennurum á Laufásborg til tveggja barna á heimilinu. Einnig höfum við haldið Tógó markaði á Laufásborg til að safna fé fyrir heimilið. Í haust fóru tveir kennarar skólans til Tógó til að heimsækja heimilið í Aneho og hjálpa þeim sem þar vinna að tileinka sér hjallískar áherslur í sínu starfi. Þegar kennararnir komu til baka komu tvær afrískar konur með þeim sem starfa á heimilinu, þær verða hjá okkur á Laufásborg næsta hálfu árið í starfsnámi. Markmiðið er að þær kynnist hvernig við vinnum með börnunum á Laufásborg og tileinki sér okkar áherslur í starfi til að þær geti kennt samstarfsfólki sínu í Tógó.

Sól í Tógó hefur heimasíðuna <http://solitogo.org/>

- *Leikskólastarf skal byggjast á jafnrétti, virðingu fyrir margbreytileika mannlífsins og öðrum menningarheimum.*

Við æfum umburðarlyndi og fögnum fjölbreytileikanum, svo einfalt er það og það er alvöru æfing og mjög svo raunveruleikatengd. Í skólanum eru börn með ólíkan bakgrunn, fjölskyldugerðirnar eru mismunandi, börn koma frá öðrum löndum, eru ættleidd og svo mætti lengi telja. En hver og einn einstaklingur er heill eins og hann er, allt er í lagi eins og það er. Með því að leggja ofur áherslu á vináttuna, að hér séum hér erum við öll vinir og vinkonur, erum við um leið að fagna öllum.

Í hópatímum koma börn hvers hóps saman og hópatíminn gengur út á að skapa ánægjulega samverustund þar sem öllum líður vel, þar skapast því frábær tækifæri til að leika saman, njóta, hlægja og hafa gaman og treysta enn frekar vinaböndin. Þar er grunnurinn lagður að fallegum samskiptum, vináttu, umburðarlyndi og jákvæðum viðhorfum.

Samstarf okkar við samtökin Sól í Tógó hefur svo sannarlega auðgað starfið hér. Börnin hafa séð myndir af heimilinu í Aneho, mætt á Tógó markaðina og nú eru hér hjá okkur tvær afrískar konur frá Aneho í Tógó sem hafa komið með yndislegt framlag inn í starfið með börnunum.

Virða skal rétt allra sem þar dvelja, óháð kynferði, bakgrunni, aðstæðum eða getu og leitast við að koma til móts við þarfir allra.

Meginregla eitt gengur út á að mæta hverju barni eins og það er og hópstjórakerfið og kynjaskiptingin og kynjanámskráin styðja við okkur í að ganga alla leið í að mæta börnunum. Við leggjum okkur mikið fram við að kynnast hverju og einu barni og fjölskyldu þess. Með þeim hætti eigum við enn betra með að koma til móts við þarfir barnsins og styðja við barnið svo það fái að blómstra í skólanum okkar.

- *Menntun til sjálfbærni á að endurspeglast í öllu starfi leikskóla í virku samstarfi við heimili og nærsamfélag.*

Laufásborg er Grænánaskóli. Uppfylla þarf mjög ströng skilyrði til að mega flagga Grænánanum, allt rusl skólans þarf að vera flokkað. Börnin taka virkan þátt í okkar endurvinnslu og flokkun rusls og þau henda aldrei rusli án þess að vera alveg viss um að það sé að rata á réttan stað.

Á Laufásborg leggjum við mikla áherslu á nýtni og nægjusemi eins og aðrir Hjallastefnuskólar, við búum til okkar eigin leir, nýtum vel öll afgangsbloð og einnig þau bloð og þær pappírsarkir sem til okkar berast frá hinum ýmsu fyrirtækjum. Við skólann er smíðja, útismiðja, og þar úir og grúir af ýmis konar efniviði eins og spýtum, trjábútum, plast- og málmdöllum og ýmsu öðru sem foreldrar hafa gefið börnunum til að skapa úr. Börnin læra því frá fyrstu hendi að rusl er ekki bara rusl, heldur má skapa ýmislegt fallett úr nánast „engu“. Börnin kynnast því jafnframt að maturinn á Laufásborg er unnin frá grunni, músliið er heimatilbúið, brauðin bökud í skólanum og svo framvegis. Börnin finna því að við getum bjargað málunum sjálf og að það skiptir máli að nýta vel það sem við höfum, engar aðkeyptar lausnir og að þeirra framlag og sköpunargáfa er vel metið.

- *Í leikskóla þarf að finna fjölbreyttar leiðir til samstarfs við fjölskyldur og leita margvíslegra leiða til að koma á framfæri upplýsingum um starfshætti og starf leikskólans.*

Skólinn sendir póst til foreldra í hverri viku um það sem er helst í fréttum. Óhætt er að segja að pósturinn er fullur af þakklætis- og gleðiorðum því lífið á Laufásborg er svo sannarlega auðgandi fyrir andann hvort heldur sem smáa fólkið á í hlut eða stóra fólkið. Einnig senda skólinn og/eða kjarnarnar alltaf póst eða sms til foreldra ef þörf er á að láta vita af einhverju tilfallandi.

Heimasíða skólans er „lifandi“, uppfærð oft í viku hverri. Inn á forsíðuna koma að minnsta kosti tvær til þrjár nýjar fréttir inn vikulega og fréttirnar eru mjög fjölbreyttar, ýmis konar fróðleikur í bland við skemmtilegar fréttir af barnastarfinu.

Að minnsta kosti tvisvar í viku setja hópstjórnarnir inn fréttir inn á tengil kjarnans sem er á forsíðu heimasíðunnar. Kjarnafréttirnar eru aðallega fréttir hópstjóranna af hópatímum og afmælum barnanna, en einnig koma inn af og til almennar fréttir af kjarnanum.

- *Starfshættir leikskóla eiga að stuðla að því að börn læri að bera virðingu og umhyggju fyrir öðru fólki, þrói með sér samkennd, tillitssemi og vináttu.*

Í hópunum myndast einstök vináttubönd og traust milli barnanna. Alltaf þegar einhver í hópnum meiðir sig fer allur hópurinn til viðkomandi og huggar, einnig þegar einhver úr hópnum er veikur sendir hópurinn viðkomandi fallegar hugsanir. Í hópatímum er börnunum kennt, á markvissan og elskulegan hátt, að standa saman um jákvæða framkomu og jákvæða hegðun og virða landamæri annarra. Kennarinn kennir með því að vera börnunum góð fyrirmynd en aðalverkfæri okkar eru alls konar setningar og staðhæfingar sem hjálpa börnunum að beina athygli sinni að því fallega og góða í lífinu, setningar eins og „vinir/vinkonur aftur“ og ef einhver hefur ruglast „gengur bara betur næst“. Hrós og hróskort eru líka mikið notuð til að ná fram og beina hegðun barnanna í fallega æskilega hegðun, hrós eins og „þú ert góð vinkona“ eða „þú ert flinkur að hugga“ og á hverjum morgni í morgunsamverunum fær sá/sú sem heilsar alltaf vina- eða vinkonuhrós með morgunkveðjunni.

Kennarinn beinir athygli sinni að því sem hann vill sjá vaxa og við gerum alltaf okkar besta til að grípa börnin góð, það er við hrósum þeim eða veitum því athygli á annan hátt þegar börn sýna öðrum virðingu og umhyggju. Í lotu þrjú sem kallast samskipti er enn frekar skerpt á einkunnarorðum lotunnar, það er umburðarlyndi, hjálpsemi, víðsýni og samstöðu. Þessi lota er í raun eineltisvörn Hjallastefnunnar.

- *Í leikskóla á að stuðla að því að börn þrói með sér jákvæða sjálfsmynd með því að virða sérstöðu og sjónarmið hvers einstaklings.*

Við viljum að börn séu í sigrunum sínum, að þeim gangi vel í skólanum og líði vel. Sum börn þurfa meiri ramma, skýrari skilaboð og meiri eftirfylgd en önnur og við aðstoðum þau og berum ábyrgð á að þeim gangi vel í dagskránni alla leið. Öllum börnum er kennt að tjá sig á ákveðinn en elskulegan hátt við vini sína og vinkonur ef þau þurfa að setja þeim mörk og við kennum börnunum einnig að virða það þegar önnur börn setja þeim mörk. Þannig þróast jákvæð sjálfsmynd, þegar börnum gengur vel, þegar þau finna að það er borin virðing fyrir þeim og þarfir þeirra virtar, þetta er meginregla eitt í Hjallastefnunni í hnotskurn.

Dagskráin með val tímum og hópatímum til skiptis er okkar trygging fyrir því að valfrelsi og áhugi hvers barns er virt. Hópstjórnarnir kynnast börnunum í sínum hópi einstaklega vel og böndin sem myndast eru sterk. Hópstjórnarnir miðla sinni þekkingu á barninu til hinna hópstjóranna á kjarnanum og þannig er hverju barni skólans fylgt vel eftir og passað upp á að barnið sé í styrkleikum sínum, vellíðan og stöðugri framför.

- *Í leikskóla eiga börn að fá tækifæri til að fást við viðfangsefni sem taka mið af áhuga þeirra, styrkleikum og þroska þannig að trú þeirra á eigin getu aukist og hneigð þeirra til náms eflist.*

Meginregla eitt á vel við hér, hverju barni er mætt þar sem það er statt, og það er engin tilviljun að sú regla sé númer eitt því ef börnum er mætt þar sem þau eru stödd eru börn í styrkleikunum sínum og eru að fást við verkefni sem hæfa þroska þeirra og áhuga. Við höfum hóp- og valtimana til að ná þessu markmiði.

Við skiptum við börnum hvers kjarna í hóp eftir aldri, þannig að börn á svipuðu þroskastigi eru saman í hóp, útgangspunkturinn er að líkir leika jafnan best. Hópstjórinn verður sérfræðingur í sínum hópi og það er hans hlutverk að lesa hópinn rétt. Hópstjórinn agar hópinn og finnur út verkefni þannig að öll börnin í hópnum njóti sín.

Valfundirnir og valtimarnir ganga út á að hvert og eitt barn geti valið sér það svæði sem það kys helst af þeim sem eru í boði og með þeim hætti er valfrelsi hvers barns virt. Það eru allt að fjórir valtimar á hverjum degi í Hjallastefnuskóla og börnin eru sjálfstæð á sínu svæði með þeim sem völdu svæðið með þeim. Okkar reynsla er ofsalega góð af þessu fyrirkomulagi, börnin eru nær undantekningarlaust afar sátta og glöð og það sem okkur þykir mikilvægast er að þau eru vel virk í leik á sínu svæði þar sem efniviðurinn á svæðinu er opinn og börnin allan tímann í sköpun.

- *Í leikskóla á að byggja á reynsluheimi barna og skapa þeim merkingarbæra reynslu.*

Við mætum börnum þar sem þau eru stödd með því að hafa allt leikskólasamfélagið einfalt og gagnsætt, allt leikefni opið svo börnin geti skapað og búið til það sem þau vilja og gefið því þá merkingu sem þau vilja og skilja. Ef börn fást við verkefni sem þau ráða við og þau skilja öðlast verkefnin merkingu og það er það sem við leggjum upp með.

Hópstjórnarnir þekkja börnin í sínum hópi best og hans hlutverk er að mæta þeim þar sem þau eru stödd hverju sinni, vera með verkefni við hæfi, verkefni sem þau skilja og ráða við.

Á valtima fá börn alltaf verkefni við hæfi, þau velja sér svæði og á öllum svæðunum er efniviðurinn opinn og börnin eru að skapa sinn eigin heim sem þau skilja. Okkar reynsla er að börn eru svo ótrúlega úrræðagóð og hugmyndarík að oft dettur þeim hreinlega eitthvað í hug sem hefði aldrei hvarflað að okkur.

- *Í leikskóla á að leggja áherslu á sjálfstæði og frumkvæði og hvetja á hvert barn til að taka ábyrgð á sjálfu sér.*

Á Laufásborg leggjum við mikla áherslu á að börn æfi kjarkinn sinn í alls konar fjölbreyttum vana- og vinkonuæfingum í hópatíma. Með æfingunum fá þau tækifæri til að æfa frumkvæði og sjálfstæði, þau sýna hvað í þeim býr. Frábær æfing er að standa upp á borði fyrir framan hópinn sinn og velja lag og syngja það og fá klapp og hrós fyrir. Einnig sem dæmi um aðra slíka æfingu væri að stúlknaþópur raðaði sér í einfalda röð og vinkonunnar skiptust á að hoppa niður af borði á dýnu og segja eitthvað jákvætt um sjálfa sig um leið eins og „ég er frábær!“. Það er okkar reynsla að hægt er að þjálfa upp sjálfstraust barna með alls konar æfingum þar sem þau stíga út fyrir þægindarammann sinn og fá þá um leið þá sýn á sig að þau geti allt sem þau vilja, að þau búi yfir raunverulegri getu og færni.

Við notum einnig mikið hrós þegar við sjáum börn standa með sér og sínu vali. Sem dæmi má nefna að á valfundi velja börnin sér svæði og stundum þvert á það sem

vinirnir velja en það er allt í lagi, þau æfa sjálfstæði á valfundunum og val tímunum og æfa að standa með sér.

Ef börn lenda í vandræðum í samskiptum hvetjum við þau alltaf til að finna lausn sjálf, „hvað vilt þú gera í því kæra vinkona/kæri vinur?“. Þannig fáum við börnin til að tjá sig og við hvetjum þau alltaf til að fara til vinar síns eða vinkonu og tjá sig, segja hvað þeim býr í brjósti, stundum þurfa þau að setja mörk og stundum bara fara og segja „fyrirgefðu, verum vinir aftur“ og gefa knús.

Að sjálfsgöðu kemur það fyrir að börn ruglast og þurfa að taka afleiðingum gjörða sinna, en þá er samt alltaf hægt að minna barnið á að það „gengur bara betur næst“.

- *Starfshættir leikskóla eiga að stuðla að virðingu barna fyrir náttúru og umhverfi sínu.*

Meginregla fimm í Hjallastefnunni gengur út á að kenna börnum að njóta náttúrunnar og læra að ganga vel um sitt nánasta umhverfi. Laufásborg er Grænánaskóli og börnin á Laufásborg læra því að flokka allt rusl. Endurvinnsla og nýtni, nægjustemi og hófsemi er rauði þráðurinn í öllu starfi skólans, kennarar og börn æfa að gera gott úr málunum, nýta allt sem best og eru þannig umhverfisvænir neytendur.

Hóparnir fara í gönguferðir um hverfið og börnin leika sér í gördum eins og Hljómskálagarðinum og stytugarði Einarssonar. Einnig fara hóparnir í ýmsar vettvangsferðir, lengri og styttri, eins og niður í Nauthólsvík, í Öskjuhlíðina og Vatnsmýrina. Á hverju vori fara elstu börn skólans í eins náttu ferð í sveit til kennara sem áður var starfandi á Laufásborg. Þar njóta þau náttúrunnar og sveitarinnar þar sem á sveitabænum er fjöldi dýra og margt að skoða, fara á hestbak, halda á lömbum og sitja í hlíð rétt hjá bænum og hlusta á sögur um álfana í steinunum þar í kring.

- *Í leikskóla eiga börn að fá tækifæri til fjölbreyttrar hreyfingar og útiveru.*

Laufásborg býður upp á yndislegt útsvæði, garðurinn er „lifandi“, stútfullur af alls konar opnum efniviði. Svo börnin hreyfa sig á fjölbreyttan hátt í garðinum, klofa yfir trjádrumba, færa til greinar og drumba, sveifla sér á belgjum í garðinum svo eitthvað sé nefnt.

Í hópatímum er alltaf í boði að fara út fyrir garðinn í gönguferðir og í göngufæri við skólann eru ýmsir skemmtilegir garðar og leikvællir sem við heimsækjum oft.

- *Í leikskóla eiga börn að fá tækifæri til að fást við fjölbreytt verkefni sem bjóða upp á margar lausnir og hvetja til rannsókna og ígrundunar.*

Okkar hlutverk er að skapa ákjósanlegar aðstæður, passa upp á rammann og agann og þá sjá börnin sjálf um allt hitt. Það er börnum eðlislægt að leika sér og vera forvitin þannig að ef þau fá opinn efnivið í hendurnar munu þau rannsaka hann og finna út hvað þau geta gert og eðli opins efniviðar er þannig að alltaf er hægt að sjá eitthvað nýtt og nýtt út úr honum.

Valtímarnir eru byggðir upp út frá þessari grunnhugsun. Á valtímanum leika þau sér í frjálsum leik og finna út hvað þau geta gert við þann efnivið sem tilheyrir svæðinu sem þau völdu og ítarefni er alltaf í boði til að skapa dýpt og nýja nálgun á leikefnið.

Í hópátímum leggjum við helst upp með að maður sé manns gaman en í sjálfu sér er allt í boði. Við förum í vettvangsferðir og heimsækjum söfn og aðrar stofnanir og hópurinn upplifir eitthvað spennandi saman og síðan er hægt að vinna með það sem við skynjuðum þegar við komum til baka í skólann. Við erum með ipaid á hverjum kjarna með ýmsum forritum sem ganga meðal annars út á að leysa ýmis konar verkefni eða þrautir, einnig hægt er að fara á internetið til að skoða eitthvað áhugavert eða bara hreinlega til að fá hugmyndir.

Reglulega fá hóparnir að fara út í smiðju í hópátíma til að fást við alls konar verkefni með alls konar efniviði. Það sem við leggjum upp með er að börnin finni út sjálf hvað þau vilja gera við það sem þau eru með í höndunum, að þau ígrundi og rannsaki og að þeirra ímyndunarafl og sköpunargáfa ráði ferðinni. Þá er aldrei hætta á að þau staðni ef svo má að orði komast, börn finna alltaf einhvern nýjan flöt og einhverja nýja nálgun með það efni sem þau hafa hverju sinni í höndunum.

- *Starfshættir leikskóla eiga að hvetja til gagnrýnnar hugsunar og gefa börnum færi á að virkja sköpunarkraft sinn.*

Á val tíma fá börnin alltaf opinn efnivið fyrir leikefni. Þannig leikefni hvetur börnin til sköpunar þar sem ekkert er fyrirfram ákveðið fyrir þau, þau eru í sköpun og finna út sjálf hvernig þau vilja leysa málin. Stundum kemur upp sú tilfinning hjá þeim eitthvað skorti, þá hvetja kennarar börnin til að æfa sig í að „gera gott úr málunum“ og „láta það ekki trufla sig“ þó eitthvað sé ekki eins og þau vilja. Börn eru að eðlisfari forvitin og jákvæð og þau finna alltaf einhverja ásættanlega lausn á málunum. Í aðstæðum þar sem sköpun ræður för ríkir oftast nær ró og friður og meiri líkur eru á að samskipti barnanna gangi vel þar sem þau eru einbeitt að hugsa um sína eigin sköpun.

Alltaf þegar börn á Laufásborg lenda í vandræðum með eitthvað og eru ósátt hvetja kennarar börnin til að finna sjálf lausn á málunum, til dæmis með því að spyrja þau „hvað langar þig til að gera í málunum kæra vinkona/kæri vinur?“ og fá börnin þannig til að hugsa og tjá tilfinningar sínar og líðan.

- *Í leikskóla á að hvetja börn til að túlka og tjá sig á fjölbreyttan hátt, m.a. í gegnum leik, hreyfingu, myndmál, tónlist, tungumál, tölur og tákn.*

Hópatímarnir eru bestu aðstæðurnar fyrir börnin til tjá sig á fjölbreyttan hátt. Það myndast ákveðið traust milli barnanna í hópnum og hópstjórans og því hægt að fara enn lengra í alls konar tjáningu, hreyfingu, leik, söng og tónlist. Í hópátímunum er því lagður grunnur að sjálfstrausti barnanna til að tjá sig á frjálsglegan hátt. Börnin setja upp leikrit, dansa trylltan dans eða rólegan við fallega tónlist, öskra upp í vindinn á útisvæði, hlægja og skemmta sér saman, enda bestu vinkonur og bestu vinir saman í hóp.

Á val tíma geta börnin valið úr sjö svæðum, það er leirkrók, föndurkrók, kubbakrók, leikstofu, kubbastofu, útisvæði og sullkrók. Hvert og eitt svæði er þjálfun í ýmsum þáttum, svo sem stærðfræði og rýmisgreind, frjálsum leik, hreyfingu og tjáningu ýmis konar. Föndur- og leirkrókur þjálfa sérstaklega fínhyrtingar barnanna og þau teikna/leira allt sem þau vilja, engar takmarkanir, bara autt blað og leir til að skapa úr.

Þrisvar til fjórum sinnum á dag eru samverur á hverjum kjarna. Í samverunum sitja öll börn kjarnans í hring, hvert á sínu plássi, og þar skapast mörg skemmtileg tækifæri til að leyfa börnum að láta ljós sitt skína á sólinni í miðju hringsins. Hóparnir skiptast á að dansa á sólinni, börnin skiptast á eitt og eitt að gera íþróttæfingar eða syngja á sólinni, eða tvær og tvær vinkonur eða tveir og tveir vinir koma saman og gera vinkonu- eða vinaæfingar. Í hverri morgunsamveru skiptast börnin á að heilsa, sá eða sú sem heilsar fer þá hringinn og heilsar hverri vinkonu eða hverjum vini með því að segja „góðan daginn“ og segir nafn viðkomandi sem heilsar á móti og gefur fallegt hrós.

- *Í leikskóla á að skapa aðstæður fyrir börn til að leika sér svo að þau fái svigrúm fyrir ímyndunarafl sitt og sköpun.*

Valtímarnir eru frjálssu leiktímarnir í dagsskránni. Börnin eru sjálfstæð og frjáls innan ramma þess svæðis sem þau völdu. Á hverju innisvæði eru tvö til sex börn og á útisvæði allt að 14 börn frá kjarnanum. Þar una þau sér í frjálsum leik með vinkonum sínum/vinum og leika með efnivið svæðisins sem alltaf er opinn og hvetur þau til sköpunar.

Hópatímarnir eru einnig dásamleg tækifæri fyrir frjálsan leik þar sem gleði, ímyndunarafl og sköpun barnanna fá að njóta sín.

- *Starfshættir leikskóla eiga að hvetja börn til að tjá sig og hlusta á frásagnir, sögur, ljóð og ævintýri.*

Á Laufásborg eru þrjár til fjórar samverur þar sem öll börn kjarnans koma saman á hverjum degi. Samverurnar eru frábært tækifæri til að æfa börnin í að hlusta á sögur og ævintýri. Einnig notum við á Laufásborg samverurnar til að æfa börnin í að koma fram og tjá sig á sólinni, svara spurningum, syngja, gera æfingar og svo framvegis.

Hópatímarnir eru einnig frábærir til að æfa stúlkurnar og drengina í að tjá sig, tjá tilfinningar sínar, æfa að hrósa vinum sínum og vinkonum, gefa knús og senda vinkonu- og vinablikk og merki. Þegar börnin eru að æfa tjáningu fá þau börn sem hlusta frábært tækifæri til að æfa það að bíða, sýna þolinmæði og hlusta á vinkonur sínar og/eða vini.

- *Í leikskóla á að nýta þau tækifæri sem gefast í daglegum samskiptum til að efla íslenska málvitund þar sem börn læra ný orð og hugtök og þróa tungumálið.*

Við leggjum mikla áherslu á að nota fjölbreyttan orðaforða í samverustundunum þar sem öll börn kjarnans koma saman, við lesum sögur fyrir börnin, syngjum lög um gamla tímann á Íslandi og svo framvegis. Á þann hátt leggjum við inn ný orð og ný merkingarsambönd sem við gefum okkur alltaf tíma til að útskýra.

Það sama á við um hópatímana, þar erum við alltaf að leggja inn ný orð og hugtök í gegnum okkar daglega starf, hrósin og svo framvegis.

Galdurinn er að tala sem mest við börn, orða allt sem við erum að gera og setja það jafnvel í fleira en eitt samhengi og nota nokkrar setningar og ýmis konar orð til að lýsa sama atburðinum. Sem dæmi um slíkt spjall í fataklefanum á Yngri stúlnakjarna má nefna „nú erum við að fara út að leika“ og bæta svo við „við vinkonurnar ætlum á útisvæðið saman“ og bæta svo aftur við „það er rigning úti, þess vegna erum við allar í pollagöllunum okkar núna“ og svona mætti lengi halda

áfram. Börn hlusta og meðtaka og mikilvægt er að vanda orðavalið og bera orðin skýrt og skilmerkilega fram. Ef börnin ruglast þegar þau eru að tjá sig umorðum við það sem þau sögðu og segjum það aftur á réttan hátt.

Við kennararnir á Laufásborg leggjum líka mikla áherslu á að vera sjálfum okkur samkvæm, ef við gefum fyrirmæli fylgjum við þeim eftir svo fyrirmælin hafi merkingu, ef við getum ekki fylgt fyrirmælum eftir er betra að sleppa að gefa þau.

Mat og eftirlit

Leikskólinn Laufásborg stendur á hverju ári fyrir umfangsmiklu innra mati sem að nokkru er hluti af reglubundnu innra eftirliti Hjallastefnunnar ehf. svo sem spurningakönnun fyrir foreldra, spurningakönnun fyrir starfsfólk, athugun á lögbundnum gögnum skólans og rekstrarskoðun útisvæðis. Að nokkru er innra matið einungis á vegum leikskólans og er notað innan veggja hans, svo sem gátlistar fyrir foreldraviðtöl, skráning á vali og úrvinnsla úr hópatímaskráningu. Á grundvelli niðurstaðna úr innra mati hvers skólaárs vinnur leikskólinn umbótaáætlun. Ítarlega útlitun á innra mati leikskólans og umbótaáætlun má finna í skýrslu hans um innra mat.

Ytra mat á skólastarfinu er í höndum sveitarfélags og Mennta- og menningarmálaráðuneytis. Sveitarfélagið gerir á ári hverju könnun meðal foreldra á gæðum þeirrar þjónustu sem leikskólinn veitir. Þetta starfsár er fyrirhugað að gera könnunina í janúar mánuði. Heilbrigðisyfirvöld kanna aðstæður í leikskólanum reglulega og útisvæðið er aðalskoðað af faggildum aðila árlega.